

# Verndaráætlun fugla og fuglasvæða á Seltjarnarnesi

Unnið fyrir Umhverfisnefnd Seltjarnarness



Desember 2016  
Jóhann Óli Hilmarsson

Efnisyfirlit	
<b>Ágrip</b> .....	<b>3</b>
<b>Inngangur</b> .....	<b>5</b>
<b>Almenn atriði – bakgrunnsupplýsingar</b> .....	<b>7</b>
<i>Eignarhald og umsjón</i> .....	7
<i>Náttúruminjar</i> .....	7
<i>Náttúrufar, ágrip</i> .....	7
<i>Landnotkun</i> .....	8
<i>Uppfyllingar</i> .....	8
<i>Rannsóknir</i> .....	8
<i>Spendýr</i> .....	9
<b>Fuglar</b> .....	<b>9</b>
<i>Spendýr</i> .....	27
<b>Verndarviðmið fugla</b> .....	<b>29</b>
<b>Algengir fuglar á Seltjarnarnesi og staða þeirra á válistum</b> .....	<b>30</b>
<b>Búsvæði</b> .....	<b>32</b>
<b>1. Bakkatjörn</b> .....	<b>32</b>
<b>2. Nestún</b> .....	<b>36</b>
<b>3. Bakkavík, grunnsævi og fjörur</b> .....	<b>36</b>
<b>4. Suðurnes – að Dal undanskildum</b> .....	<b>39</b>
<b>5. Dalur í Suðurnesi</b> .....	<b>41</b>
<b>6. Seltjörn</b> .....	<b>44</b>
<b>7. Gróttá</b> .....	<b>47</b>
<b>8. Snoppa</b> .....	<b>48</b>
<b>Aðrir óbyggðir hlutar</b> .....	<b>49</b>
<b>Útivist og fuglar</b> .....	<b>51</b>
<i>Fuglaskoðun</i> .....	51
<i>Önnur fræðsla</i> .....	51
<i>Hundar</i> .....	51
<i>Aukin ferðamennska</i> .....	51
<i>Stígagerð</i> .....	53
<b>Lög um náttúruvernd</b> .....	<b>53</b>
<b>Lokaorð</b> .....	<b>53</b>
<b>Heimildir</b> .....	<b>54</b>
<b>Viðaukar</b> .....	<b>59</b>

Allar ljósmyndir eru teknar á Seltjarnarnesi af höfundi. Lóðréttar loftmyndir eru af kortasjá Seltjarnarness. Forsíðumyndin er af krúu með síli í Dal í Suðurnesi 31. júlí 2015.

## Ágrip

Náttúra Seltjarnarneskaupstaðar er einstök vegna fjölbreytni á þessum mesta þéttbýlisstað landsins, þar sem margir eiga þess kost að upplifa hana. Að sama skapi er náttúran afar viðkvæm og þarf að umgangast af mikilli varúð og skilningi, svo hún spillist ekki.

Markmið þessarar verndaráætlunar er einkum að tryggja eðlilegan viðgang fugla á Nesinu, að fæðuskilyrðum þeirra verði ekki ógnað, varplöndum þeirra ekki spillt og að truflun af manna völdum sé haldið í lágmarki.

Skýrslan fjallar sérstaklega um Framnes, óbyggðan hluta Seltjarnarness sem er vestan við þéttbýlið. Svæðinu er lýst, fjallað um jarðfræði, landslag, gróðurfar, rannsóknir, landnotkun og framkvæmdir. Bakkatjörn og nágrenni, ásamt Gróttu hafa verið friðlýst. Fjörurnar eru á Náttúruminjaskrá, Náttúruverndaráætlun og skrá yfir alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði (IBA). Skv. nýjum náttúruverndarlögum, nr. 60, 2013, njóta allmargar vistgerðir og jarðmyndanir á Seltjarnarnesi sérstakrar verndar. Seltjarnarneskaupstaður er aðili að Staðardagskrá 21, heildaráætlun bæja- og sveitarfélaga um hvernig þau eigi að þróast með sjálfbærum hætti.

Fuglalífi eru gerð ítarleg skil. Fjallað er sérstaklega um 45 algengustu fugla á Seltjarnarnesi, hvenær, hvar og hversu mikið þeir dvelja á Nesinu, hvort þeir verpi og hversu mikið o.s.frv. Krían fær ítarlega umfjöllun, enda er hún algengasti varpfuglinn og hefur verið í mikilli sveiflu á síðustu árum vegna ætisskorts. Eftir niðursveiflu frá 2005-14 virðist hún vera að ná sér á strik á ný. Alls eru um 143 tegundir á fuglalista Seltjarnarness og eru þær taldar upp í 1. viðauka. Í 5. töflu er farið í saumana á fækkun eða fjölgun einstakra tegunda, þar kemur jafnframt fram á hvaða árstíma þeir sjást og hvaða svæði þeir velja sér helst.

Verndarviðmið fugla eru tíunduð, fjallað er um valista, bæði þann íslenska og þann evrópska, ábyrgðartegundir og Bernarsamninginn, sem Íslendingar eru aðilar að. Í 6. töflu er fjallað um algengu tegundirnar 45, staða þeirra á Seltjarnarnesi sýnd, rakið hvort þær tengist ofangreindum listum og samningum, séu á valisti, ábyrgðartegund, falli undir viðauka Bernarsamningsins og hvort til sé íslensk undirtegund af viðkomandi fugli.

Framnesi er skipt niður í átta svæði, samkvæmt landfræðilegri skiptingu og gerð búsvæða. Svæðunum er lýst, sagt frá sérkennum fuglalífsins og yfirvofandi eða núverandi hættur raktar, jafnframt því sem lögð er áhersla á verndun og framtíð svæðisins. Í töflunni hér fyrir neðan (1. töflu), eru þessi atriði dregin saman. Aðeins er tæpt á öðrum óbyggðum svæðum: Valhúsahæð og fjörunum norðan- og sunnanmegin á nesinu.

Mikilvægi og vinsældir Seltjarnarness til útivistar og sem fuglaskoðunar- og náttúrkennslusvæði er rakið og rætt hvernig takast megi á við aukna

ferðamennsku. Öll fræðsla er af hinu góða og hefur sveitarfélagið verið duglegt við að útbúa fræðsluefni, en kannski hefur minna farið fyrir kynningu á því.

Þótt Seltirningar hafi að mörgu leiti gengið um náttúruna af varfærni og stigið létt til jarðar, er víða pottur brotinn og margt ógert enn. Nauðsynlegt er að halda áfram reglulegri vöktun á fuglalífínu, eins og gert hefur verið frá aldamótum.


**1. tafla. Skipting Framness Seltjarnarness í 8 svæði, stærð þeirra, helstu búsvæði, aðsteðjandi hættur og hvernig bregðast skuli við þeim.**

	Nafn	Stærð ha	Helstu búsvæði	Helstu hættur	Verndaráætlun	Annað
1	Bakkatjörn og nágr.	16	Tjörn með fersku vanti. Grasmói, mýri.	Truflun, framkvæmdir.	Fylgja friðlýsingarreglum Deiliskipulag.	Einn þekktasti fuglaskoðunarstaður landsins.
2	Nestún	12,5	Tún, óræktarmóar.	Framkvæmdir.	Slá túnið, hverfisvernd, tengja Nesstofu.	Merkar fornminjar.
3	Bakkavík	39	Fjörur og grunnsævi.	Hugmynd um uppfyllingu.	Friðlýsing fjöru.	Merk jarðfræðifyribæri: fjörumór.
4	Suðurnes nema Dalur	33	Fjörur, golfvöllur, tjörn.	Frekari útpensla golfvallarins.	Deiliskipulag. Setlög njóta verndar.	Merk jarðfræðifyribæri: setlög.
5	Dalur í Suðurnesi	3,5	Tjörn, mólendi.	Útpensla golfvallarins.	Afar hátt verndargildi. Formleg friðlýsing, deiliskipulag.	Dæling á ferskvatni er jákvæð.
6	Seltjörn	47	Fjörur og grunnsævi.	Uppfyllingar, ýmsar hugmyndir um nýtingu.	Friðlýsing fjöru.	Merk jarðfræðifyribæri: fjörumór, setlög.
7	Gróttá	16	Landföst, gróskumikil eyja, fjörur og grunnsævi.	Ágangur fólks, framkvæmdir.	Fylgja friðlýsingu og jafnvel lengja lokunartíma, landvarsla.	Fræðasetur, minjar.
8	Snoppa	13	Gömul tún og ræktarland, fjara.	Ágangur fólks, framkvæmdir.	Stýring umferðar, verndun kríuvarpsins, deiliskipulag.	Minjar.

Svæði aukennd 3, 4, 5 og 6 njóta sérstakrar verndar, að hluta eða í heild, samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 60 10. apríl 2013, sem tóku gildi 15. nóvember 2015.



1. mynd. Helstu örnefni á Seltjarnarnesi. Aðalskipulag Seltjarnarnesbæjar 2015-2033.



2. mynd. Friðlýst svæði og náttúruminjar á Seltjarnarnesi skv. Aðalskipulagi 2006-2024. Grótta, Bakkatjörn og nánasta umhverfi og vestasti hluti Valhúsahæðar eru friðlýst, meðan fjörur frá Bakka að Byggjörðum eru á Náttúruminjaskrá. Sjá einnig tillögur að hverfisvernd á Valhúsahæð og við Nes.



**3. mynd.** Kortið sýnir afmörkun náttúruminja- og IBA-svæðisins Skerjafjörður. Þar sést jafnframt hvað hefur verið friðlýst af þessu svæði. Kort úr Náttúrverndaráætlun 2004-2008 (María Harðardóttir o.fl. 2003) með viðbótum.

## Almenn atriði – bakgrunnsupplýsingar

### *Eignarhald og umsjón*

Meirihluti þess lands á Framnesinu sem hér er til umfjöllunar er í opinberri eigu. Bæjarsjóður á stærstan hluta óbyggðs lands á Seltjarnarnesi, einnig eru lóðir allflestra fyrirtækja og stofnana í eigu bæjarsjóðs. Bærinn á um 90% af Suðurnesi og ríkið á land í kringum Nesstofu.

### *Náttúruminjar*

Stærstur hluti óbyggðra svæða á Seltjarnarnesi er á Náttúruminjaskrá (Umhverfisstofnun 2016), Náttúruverndaráætlun 2004-2008 (María Harðardóttir o.fl. 2003) og skrá um Alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði (*Important Bird Area/IBA* skv. skilgreiningu *BirdLife International*, Ólafur Einarsson 2000), 2. og 3. mynd.

### *Náttúrufar, ágrip*

Seltjarnarnesbær stendur á vestasta og ysta hluta hins forna Seltjarnarneshrepps, sem náði frá Gróttu austur að Hólmi. Núverandi bæjarmörk við Reykjavík eru um Eiðisvík að norðan, um Eiðisdældir og Lambastaðamýri að Sækambi Eystri við Faxaskjól, að sunnanverðu (1. og 2. mynd).

Flatarmál sveitarfélagsins miðað við stórstraumsfjöru er um 2,9 km<sup>2</sup>. Mesta lengd þess frá mörkum við Reykjavík eru um 3 km. Mesta breidd Nessins er um 1 km en mjóst er það um 500 m.

Nesið er allt lágrent. Valhúsahæð (31 m.y.s.) stendur hæst en meirihluti landsins er neðan við 15 m hæðarlínu. Inn í ströndina skerast grunnar víkur, vik og varir. Að sunnan má nefna Sandvík og Bakkvík. Milli Suðurness og Gróttu er Seltjörn, sem, eins og nafnið ber með sér, var áður tjörn en er nú vík fyrir opnu hafi (1. og 27. mynd). Síðustu 1000 ár hefur landsig verið að jafnaði 0,5 mm ári. Á nokkrum stöðum má finna fjörumó, sem myndast hefur í fersku vatni á landi og setlög sem eru gamall sjávarbotn, með steingerðum skeljum (Sveinn Jakobsson 1997).

Fjörur á sunnan- og vestanverðu Nesinu eru yfirleitt lágar sandfjörur en stórgrýttara er að norðanverðu. Víðast meðfram ströndinni er búið að hlaða upp görðum til varnar fyrir sjávangangi. Nokkur sker tilheyra Seltjarnarnesi, Skerjafjarðarmegin eru Löngusker þau helstu, en einnig má nefna Kepp og Kerlingarsker. Kollafjarðarmegin er Selsker helst skerja.

Þrjár tjarnir, Bakkatjörn, Búðatjörn og Tjörn í Dal, prýða Nesið (1. mynd). Bakkatjörn var áður leiruvogur inn úr Bakkavík en ósnum var lokað um 1960. Við það breyttist hún í ísalta tjörn og síðan ferska. Lífríki Bakkatjarnar og Tjarnarinnar í Dal er að flestu leyti einkar gróskumikið hvað varðar magn lífvera, en fjöldi tegunda er aftur á móti fremur lítil. Gífurleg frumframleiðsla er meðal svifþörungum og eru grænþörungum allsráðandi. Í samanburði við önnur grunn

vötn á Innnesjum er þéttleiki vatnaflóa í Bakkatjörn afar mikill. Mikil mergð hornsíla er í Bakkatjörn (Hilmar J. Malmquist o.fl. 2009, Haraldur R. Ingvason o.fl. 2011). Nokkrar tjarnir hafa verið ræstar fram eða þeim spillt á annan hátt, t.d. tjörnir í Dal á Snoppu, Eiðistjörn og Lambastaðatjörn.

Gróður á óbyggðum svæðum er um 1 km<sup>2</sup> að flatarmáli. Stærstu gróðurlendin eru tún og graslendi. Innan bæjarmarkanna hafa verið skráðar 140 tegundir plantna sem er um 32% íslensku flórunnar (Kristbjörn Egilsson 1997, Seltjarnarnes.is, Hilmar J. Malmquist o.fl. 2009).

### *Landnotkun*

Land á Framnesinu, vestan byggðar, er aðallega nýtt til útivistar, hluti þess er friðland og jarðvegstíppur eða -geymsla er á svæði áhaldahúss við Ráðagerði. Aðalskipulag 2015-2033 gerir ekki ráð fyrir miklum breytingum, en þar er aðeins hluti golfvallarins afmarkaður sem íþróttasvæði.

### *Uppfyllingar*

Fjörur Seltjarnarness hafa sloppið betur undan uppfyllingum, heldur en fjörur víða á Innnesjum. Fyllt hefur verið upp í flestar fjörur frá Gufunesi og út að Seltjarnarnesi. Innri hluti Grafarvogs hefur þó sloppið, enda er þar afar mikilvæg leira fyrir fugla. Jafnframt ysti hluti Laugarness. Leirur í Gufunesvík og Elliðavogi hafa verið eyðilagðar með uppfyllingum.

Gerð hefur verið smábátahöfn við Bakka, sem er lítið notuð. Uppfylling er frá Steinavör að Lindarbraut. Sunnanverð Innnes hafa sloppið betur en norðanverð, þó eru uppfyllingar í Nauthólsvík þar sem N-S flugbrautin gengur í sjó fram, mikið hefur verið fyllt upp á norðan- og vestanverðu Kársnesi, Sjálandshverfið í Arnarnesvogi er byggt á uppfyllingu og gríðarmiklar uppfyllingar eru í Hafnarfirði. Loks má nefna Straumsvíkurhöfn. Þá eru áform um uppfyllingar á lífríkum leirum í Skerjafirði, vestan við Reykjavíkurflugvöll.

### *Rannsóknir*

Ítarleg úttekt var gerð á fuglalífi á Seltjarnarnesi sumarið 1986, sem þó birtist ekki fyrr en rúmum 10 árum síðar (Jóhann Óli Hilmarsson & Ævar Petersen 1997). Gerð var grein fyrir öðru náttúruferi á Seltjarnarnesi í sama riti og greinin birtist í (Kristbjörn Egilsson o.fl. 1997). Árin 1996 og 1997 var stærð kríuvarpsins metin í Gróttu, en 1999 bæði þar og í Suðurnesi. Þéttleiki og útbreiðsla allra varpfugla var könnuð vorið 2000 og kríur í vörpunum taldar ítarlega árið 2001 og síðan annað hvert ár. Annað fuglalíf var kannað samhliða, misjafnt milli ára (Jóhann Óli Hilmarsson 1996, 1997, 2001, 2002, 2003, 2005, 2008, 2010, 2011, 2013 og 2015). Þessi vöktun gefur mikilvægar upplýsingar og er nauðsynlegt að halda henni áfram.

Frá árinu 1952 hafa fuglar verið taldir um háveturinn, oftast milli jóla og nýjárs. Seltjarnarnes hefur verið talið frá upphafi, en talningarsvæðið Seltjarnarnes nær út fyrir mörk bæjarins, oftast hefur verið talið frá enda Suðurgötu nærri Lambhóli að Örfirisey. Þessi gögn gefa mikilvægar upplýsingar um fugla að vetrarlagi (Náttúrufræðistofnun 2016).



## *Spendýr*

Lítið er um spendýr á Seltjarnarnesi, helst að selir sjáist á skerjum og klöppum kringum Nesið. Aðeins verður tæpt á spendýrum hér á eftir.

## **Fuglar**

Í eftirfarandi yfirliti um algengustu fuglategundir sem halda til á Seltjarnarnesi, er fjallað um alla fugla sem hafa orpið síðan um 1955, svo og algengustu gesti. Í lokin er lítillega fjallað um fugla, sem ættu ef til vill heima á listanum. Samanburður er gerður við upplýsingar úr skýrslunni um Náttúrufar á Seltjarnarnesi (Jóhann Óli Hilmarsson & Ævar Petersen 1997). Fuglaathuganir fyrir þá skýrslu voru að mestu unnar fyrir 30 árum, 1986, en ná alveg aftur til athugana þeirra Agnars Ingólfssonar og Arnþórs Garðarssonar, sem birtust í tveimur greinum 1955 og 57. Vetrarfuglatalningar Náttúrufræðistofnunnar frá 2011 – 15 voru skoðaðar (Náttúrufræðistofnun 2016) og tölurnar bornar saman við tölur frá 1957-86, sem eru birtar í Náttúrufar á Seltjarnarnesi (JÓH&ÆP 1997). Jafnframt var leitað eftir upplýsingum á skráningarvefunum eBird (eBird 2016). Skammstafanir athugunarmanna: CP Christophe Pampoulie, EBR Edward Barry Rickson, IAS Ingvar Atli Sigurðsson, KHS Kristinn Haukur Skarphéðinsson, SÁR Stefán Áki Ragnarsson, YK Yann Kolbeinsson.



**4. mynd.** Svandís með maka og fjóra unga á Bakkatjörn 29. maí 2011.

**Álftir** hafa orpið í hólmanum í Bakkatjörn síðan hann var byggður 1992 (4. mynd). Þær halda til árið um kring á tjörninni, síst þegar tjörnin er lögð, en koma þó oft í brauð þá. Á veturna geta þær skipt fáeinum tugum, allt að 40 fuglar hafa sést á tjörninni. Þeim hefur heldur fjölgað á Nesinu á veturna. Álftir sjást einnig reglulega á Seltjörn og þör stöku sinnum í Dal í Suðurnesi og víðar.

**Grágæs** er tíður varpfugl á Seltjarnarnesi og fer henni sennilega fjölgandi, eins og víðast hvar á Innnesjum (höfuðborgarsvæðinu). Hún verpur allvíða í óræktarlandi og velur hreiðrinu stað í sinuþúfum eða runnum, m.a. í Dal í Suðurnesi, Gróttu og friðlandinu við Bakkatjörn. Sennilega eru varppörin nú milli 20 og 30. Árið 1986 var talið að 1-3 pör hafi orpið, svo fjölgun er umtalsverð.

Grágæs sést á veturna þegar jarðbönn hamla ekki beit, en grágæsin er einber grasbítur. Hún sækir talsvert í túnið við Nesstofu og á golfvöllinn. Hún sækir jafnframt í brauð við Bakkatjörn, jafnvel þó að tjörnin sé lögð, og á fleiri fóðrunarstaði. Stærstu hóparnir sjást venjulega síðsumars; þann 1. ágúst 2012 voru 170 á Bakkatjörn (YK, eBird).



**5. mynd.** Margæsir á golfvöllinum 18. maí 2015.

**Margæs** er umferðarfugl eða fargestur, hún kemur hér við vor og haust á leið milli varpstöðva á Íshafseyjum Kanada og vetrarstöðva á Írlandi. Hún hefur hér viðdvöl í tvo mánuði á vorin, en sá tími er afar mikilvægur fyrir fuglinn. Hann safnar fitu fyrir hið erfiða farflug yfir Grænlandsjökul og kvenfuglinn safnar jafnframt orku fyrir varpið. Það er enn vetur þegar fuglarnir koma á varpstað og gróður ekki farinn að spretta fyrr en ungar skríða úr eggjum. Margæsir eta bæði grænþörungur og marhálmi í sjó og sækja í tún til beitar.

Margæs er sérstaklega áberandi á vorin, gæsirnar sækja t.d. á Leirur í Bakkavík, á golfvöllinn (5. mynd) og túnin við Nes, en hvílast síðan og baða sig á Bakkatjörn og á tjörninni í Dal. Margæsirnar flakka milli Álftaness og Seltjarnarness og víðar um Innnesin. Flestar sáust 17. maí 2011, 508 fuglar (KHS) og 500 á Bakkatjörn 5. maí 2012 (Helgi Björnsson). Flestar sáust 302 í Dal, þann 27. apríl 2014 (YK, eBird).

**Rauðhöfðaönd** er reglulegur gestur á tjörnunum, flestar sjást á Bakkatjörn vor og haust, en fæstar yfir hásumarið og hefur þeim fjölgað á síðustu 30 árum. Stærsti hópurinn taldi 60 fugla 30. ágúst 2003 (YK, eBird). Stærsti hópurinn í Dal voru 17 fuglar þann 13. sept. 2012 (SÁR, eBird). Í vetrarfuglatalningum 2011-2015 sáust á bilinu 75-125 fuglar, sem er mun meira en á árunum 1957-86 (0-

18). Með rauðhöfðunum er tíðum amerískur ættingi, **ljóshöfðaönd**, 1-2 steggir flest ár.

**Gargönd** er ein af sjaldgæfari fuglum, sem verpa á Seltjarnarnesi. Hún er algengust við Mývatn og Laxá, en verpur annars strjált á góðum andastöðum um land allt (6. mynd). Á Innesjum er lítil hópur, sem skiptist á um að hafa aðalstöðvar sínar á Seltjarnarnesi, Álftanesi og Reykjavíkurtjörn. Gargöndin valdi Seltjarnarnes seint á síðasta áratug. Á árunum 2008 og 2009 sáust 5 kollur með unga á Bakkatjörn og í Dal. Ungafurlegur var tölurverð, sem dæmi má nefna að 21 ungi sást 27. júlí 2009. Hæsta vorhámarkið var 2007, 17 fuglar. En 2012 sáust 15 í Dal. Fuglunum fækkaði síðan, hreiður fannst í Dal 2013 (annað gargandarhreiðrið sem finnst þar), en annars varð ekki vart við unga. Árið 2015 varð ekkert vart við unga. Gargöndin heldur sig jöfnum höndum á Bakkatjörn og í Dal, en fuglar hafa einnig sést á Búðatjörn.

Gargöndin er að mestu farfugl, sést frá því í apríl og fram í október, vetursetufuglar sjást stundum við ræsi við Tjarnarstíg, rétt vestan við bæjarmörkin.



6. mynd. Gargandarpar á Bakkatjörn 24. okt. 2008.

**Urtönd** er reglulegur gestur á Bakkatjörn og í Dal og á nokkuð svipuðu róli og rauðhöfðinn. Hún var tíðust frá því í mars fram í maí og svo aftur í september og október, þótt hún sæist allan veturinn þegar tjarnir voru auðar. Fæstar sáust í júlí. Flestir fuglar sjást að öllu jöfnu í september, t.d. sáust 113 á Bakkatjörn 12. sept. 2012 (YK, eBird) og daginn eftir 25 í Dal (SÁR, eBird). Urtönd hefur fjölgað talsvert frá því fyrir 1986, þá sáust fuglar meira í Dal og er talið að vatnið í Bakkatjörn væri saltara á þeim árum (JÓH&ÆP 1997).

Með urtöndunum sést tíðum amerískur ættingi, **murtönd**, stakur steggur sést flesta vetur.

**Stökkönd** er algengur varpfugl á Nesinu og sést árið um kring. Frá aldamótum hafa sést 8-12 kollur með unga, sem er örugglega lágmarkstala, en árið 1986 var talið að 15-20 kollur hafi orpið. Stökkönd verpur einkum í graslendi, múrum og móum. Hreiðrið er falið í sinubrúski eða háu grasi. Stundum gera þær sér hreiður í húsagörðum, heysátum, undir skúrveggjum eða í fiskhjöllum, meðan þeir voru og hétu. Nokkrir tugir steggja fella á Bakkatjörn, hafa verið 30-80 frá aldamótum.

Stökkönd er algengust á tjörnunum, en sést einnig á sjó. Hún er tíðust seinni part vetrar og framá vor, fækkar síðan yfir hásumarið, en fjölgar síðan aftur síðsumars. Stærsti hópurinn á Bakkatjörn sást 1. apríl 2011, 125 fuglar (YK, eBird). Í vetrarfuglatalningum sáust á bilinu 25-100 fuglar síðustu fimm árin, að meðaltali 56. Á árunum 1957-1986 var meðaltalið 256 (50-625). Þeim hefur því fækkað nokkuð.

**Skeiðönd** er sjaldgæfa öndin, sem verpur hér á landi að staðaldri, varpstofninn er talinn vera 30-50 pör á landinu öllu. Hún sést líklega árlega á Seltjarnarnesi og jafnframt á Álftanesi. Fuglarnir sjást frá maíbyrjun fram í október, síst í júlí, flestar 8 þann 27. júní 2011.

Skeiðönd með unga var á tjörninni í Dal í Suðurnesi 20. júlí 2012 og er það í fyrsta sinn sem varp þessarar sjaldgæfu andar er staðfest á Nesinu. Grunur lék þó á varpi á sama stað 1999, þar hegðaði sér varplega, en engir ungar sáust það sumar.

**Skúfönd** fór fyrst að verða algeng á Seltjarnarnesi uppúr 1970. Hún sést á tjörnunum í flestum mánuðum, en síst í des.-jan. Flestar voru 30 á Bakkatjörn 29. maí 2014 (EBR, eBird) og í 16 í Dal 1. júní 2012 (CP, eBird).

Fyrsta varp hennar var staðfest 1982. Árið 1986 er talað um 1-2 varppör árlega. Á síðustu 15 árum hefur varpið verið sveiflukennt, frá engri og uppí 9 kollur með unga. Það var andasumarið góða, 2009, sem 9 kollur með alls 55 unga sáust á Bakkatjörn 3. júlí.

**Duggönd** var mun algengari fyrrum og nær árlegur varpfugl á síðasta fjórðungi 20. aldar. Fyrstu heimildir um varp við Bakkatjörn eru frá 1974 og næst 1978. Eftir það eru duggendur árlegir varpfuglar við tjörnina fram undir aldamót, en þá hverfa þær að mestu. Á síðustu árum hafa aðeins sést fáeinir fuglar yfir hásumarið, frá apríllokum, mest í maí og júní, hún er að mestu horfin í byrjun sept. Þetta er svipuð þróun og annars staðar á landinu, þar sem duggöndin hefur verið að láta undan síga, svo um munar. Hún er á Evrópuváklist og verður væntanlega skráð á nýjan íslenskan váklist, sem nú er í undirbúningi (6. tafla).

**Æðarfugl** er næstalgengasti varpfuglinn á Seltjarnarnesi og sést þar árið um kring. Árið 1986 var talið að um eða yfir 100 kollur yrpu á Nesinu. Varlega má ætla, að 50-100 kollur verpi þar nú. Það er erfitt að henda reiður á varpstofninn, töluvert flakk er á æðarkollum með unga á svæðinu og fuglar koma frá stóru varpi í Bessastaðanesi með unga í ætisleit í fjörur Seltjarnarness (María Harðardóttir o.fl. 1998). Engin vaktar varpið í Gróttu nú. Það var aldrei stórt, mest um 50 hreiður á tímum Alberts vitavarðar Þorvarðasonar og Guðjóns Jónatanssonar (49 hreiður 1985). Hólminn í Búðatjörn var á sínum tíma hlaðinn fyrir æðarfugl og kringum 1955 urpu um 20 kollur við tjörnina. Nú eru stærstu

vörpin í móanum kringum tjörn in í Dal í Suðurnesi, óræktarlandinu austan og norðan Bakkatjarnar og í Gróttu. Fáeinar kollur verpa annars staðar, eins og í hólmunum í Búðatjörn og Bakkatjörn (7. mynd). Dæmi um fjölda kolla á sjó: Þann 27. júní 2009 sáust 98 kollur með 278 unga kringum Suðurnes.



7. mynd. Æðarfuglar og kríur í hólmanum í Bakkatjörn 18. maí 2015.

Fæðuskilyrði eru góð í tjörnunum og kollur með unga sækja þangað, auk þeirra fugla sem verpa við tjarnirnar. Það eru aðallega vatnaflær, sem eru eftirsóttar af litlum ungum, sem fuglarnir sækja í (39. mynd; Hilmar J. Malmquist o.fl. 2009, Haraldur R. Ingvason o.fl. 2011). Mikið af blikum sjást tíðum á tjörnunum, sem dæmi má nefna að kringum mánaðamótin maí/júní 2011 sáust 76 æðarblikar á Bakkatjörn og 67 í Dal, þar af um 10-20% árgamlir fuglar.

Á veturna er æðurin algengasti fuglinn kringum Seltjarnarnes, á síðustu 5 árum (2011-2015) hafa sést frá 874 uppí 2175 fuglar eða 1286 fuglar að meðaltali í vetrartalningum kringum áramót.

**Hávella** er vetrargestur og strjáll varpfugl. Hún finnst á sjó allt í kringum Nesið og á síðustu 5 árum (2011-2015) hafa fundist 116 fuglar að meðaltali (59-201) í vetrartalningum um jólaleitið. Það er fjölgun frá árunum 1957-86. Hávella sést á Bakkatjörn frá því að ísa leysir á vorin og fram í nóvember. Hún var mjög algeng á Bakkatjörn á vorin, í apríl og maí, og ómaði söngur hennar um alla tjörnina. Síðan tók henni að fækka og vorhóparnir að minnka, þó enn sjáist vænir hópar á tjörninni, t.d. 128 þann 8. maí 2013 (CP, eBird).

Hávella fannst fyrst verpandi við Bakkatjörn 1979 og í Dal 1987. Hún hefur orpið óreglulega síðan og gengið brösuglega að koma upp ungum, varp síðast 2012 í Dal og komst þá einn ungi á legg.

**Toppönd** sést árið um kring og er sennilega gamalgróinn en þó óreglulegur varpfugl. Hefur heldur fækkað á undanförunum áratugum. Kollur með unga sjást langoftast á Bakkatjörn, en þó er grunur um að hún hafi orpið í Gróttu og víðar.

Toppendur sjást ekki á Bakkatjörn yfir háveturinn og lítið yfir hásumarið, en þeim mun meira vor og haust. Flestar sáust 25 fuglar þann 13. sept. 2012 (SÁR, eBird). Þær sjást árið um kring á sjónum umhverfis Nesið. Í vetrartalningum sjást að meðaltali 28 fuglar (13-52), sem er ívið meira en sást á árunum fyrir 1986.

**Fýll** er sjófugl, sem sést á sjónum umhverfis Seltjarnarnes, aðallega frá miðjum febrúar fram í september. Næstu varpstöðvar hans eru í Akurey, en hann verpur annars víða við Kollafjörð. Hann sést ekki í jólatalningum.

**Dílaskarfur** er sjófugl; hann er vetrargestur sem sést á Seltjarnarnesi frá hausti framá vor, frá ágúst fram í apríl, en hann sést þó lítillega í öðrum mánuðum. Skarfarnir sjást oft sitja á klöppum eins og töngunum í Gróttu og skerjum eins og Selskeri, Kerlingarskeri og Lönguskerjum. Jafnframt sjást þeir á flugi milli fæðusvæða og eins í og úr náttstað sem er í Akurey; mörg hundruð, jafnvel yfir 1000 fuglar fljúga þá yfir Nesið.

Í jólatalningum síðustu fimm ára hafa að meðaltali sést 93 fuglar ( $n=26-169$ ). Virðist hafa fjölgað, frá 1957-86 sáust að meðaltali 35 (0-114) fuglar.

**Toppskarfur** er árviss í jólatalningum en mun sjaldgæfari, 6 fuglar að meðaltali.



**8. mynd.** Tjaldshjón fóðra unga sína. Suðurnes 22. maí 2009.

**Tjaldur** sést árið um kring á Seltjarnarnesi og er áberandi varpfugl. Varpið er þéttast í Suðurnesi, 9 pör urpu þar árið 2013, það sama ár urpu stök pör við Nes og í Gróttu. Árið 2003 var metár, þá urpu samtals 18 pör á Seltjarnarnesi: Suðurnes 13, Bakkatjörn 2, Snoppa 1 og Gróttu 2. Kringum 1955 urpu um 5 pör að jafnaði og kringum 1986 urpu 6-10 pör á Nesinu, svo honum fer fjölgandi.

Utan varptíma sjást tjaldar bæði í fjörum og við tjarnir. Tjaldur er algengasti vaðfluglinn á Leirum. Þann 2. ágúst 2015 voru 111 þar í ætisleit.

Daginn eftir, 3. ágúst, voru 101 á Bakkatjörn (EBR, eBird). Tjaldar sjást við Bakkatjörn frá því í mars fram eftir október, tjörnin er hvíldarstaður tjalda, þeir sjást sjaldan leita sér ætis þar. Fuglar sjást í minna mæli í Dal. Tjaldar sjást einnig í fjörum kringum Suðurnes, á golfvellinum, í Seltjörn, kringum Gróttu og Snoppu. Meðaltal síðustu 5 ára í vetrartalningum er 29 fuglar (4-67). Það er talsvert færri heldur en á árunum 1957-1986, þegar meðaltalið var 155 fuglar.

**Sandlóa** sést frá vori framá haust og er hún alltiður varpfugl, sem fer þó fækkandi. Hún verpur í sandi og mól og var á árum áður algengust á gröndunum, en með aukinni umferð og stígagerð hefur verið gengið á bús væði hennar. Á árunum kringum 1955 urpu 25 pör að jafnaði á Seltjarnarnesi, árið 1986 urpu 15 pör og á síðustu árum hafa eingöngu 5-10 pör orpið. Hún verpur nú í Suðurnesi, á Snoppu, í Gróttu og stundum á Valhúsahæð.

Sandlóan er farfugl, hún fer að sjást uppúr miðjum apríl og er alfarinn í byrjun október. Hún er aldrei í stórum hópum eins og sumir aðrir vaðfuglar. Stærstu hóparnir sjást yfirleitt í ágúst, allt að 75 fuglar, en nokkrir tugir sjást einnig á vorin, aðallega á Leirum og við Bakkatjörn.

**Heiðlóa** fannst fyrst verpandi í Suðurnesi 1971 og hefur orpið óreglulega síðan þá, oftast í Suðurnesi, en jafnframt við Nes, í Gróttu og á Valhúsahæð. Fuglinn kýs snöggan gróður og mólendi fyrir hreiður sitt. Heiðlóan dvelur lengi á landinu, fyrstu fuglarnir sjást uppúr mánaðamótum mars apríl og er hún að mestu farin um miðjan nóvember. Stöku sinnum sjást fáeinir lóur allan veturinn.

Heiðlóan er helsti vorboði okkar en á Seltjarnarnesi er hún einn af einkennisfuglum haustsins. Þessir hausthópar, stundum nokkur hundruð fugla, halda sig aðallega á Leirum í Bakkavík, við Bakkatjörn og á Nestúni frá september og alveg fram í miðjan nóvember. Lóan sést einnig á vorin en þá eru hóparnir minni. Stöku sinnum sjást eftirlegukindur á veturna. Stærstu hóparnir hin seinni ár voru 600 á Leirum 14. okt. og um 1000 s.st. 4. nóv. 2016 (SÁR); við Bakkatjörn hafa sést tæplega 300.



9. mynd. Rauðbrystingar á Bakkatjörn 22. júlí 2001.

**Rauðbrystingur** er fargestur, sem kemur hér við á leið milli varpstöðva á Grænlandi og Íshafseyjum Kanada og vetrarstöðva í Vestur-Evrópu. Hann sést á Seltjarnarnesi bæði á vor- og haustfarinu. Á vorin sjást rauðbrystingar frá miðjum apríl fram í júníbyrjun. Haustfarið hefst um miðjan júlí og stendur í tvo mánuði, fyrst koma fullorðnu fuglarnir og þegar þeir eru að mestu farnir, koma ungararnir. Rauðbrystingar sjást stundum á öðrum tímum, bæði í júní og á veturna. Rauðbrystingi hefur fækkað á Innnesjum á síðustu árum (Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2014). Á árunum kringum 1986 voru stærstu hóparnir kringum 500-1000 fuglar og um 3000 kringum 1955. Nú ná þeir varla hundrað fuglum. Ástæða þessarar fækkunar er ekki kunn, gæti verið tilfærsla innanlands eða óáran á varp- eða vetrarstöðvum.

Rauðbrystingar sjást víða á Seltjarnarnesi, á fjöru sækja þeir í fjörunnar eftir æti, en á flóði hvíla þeir sig og snyrta við tjarnirnar og á túninu við Nes.

**Sanderla** er fargestur eins og rauðbrystingur. Hún kemur hér við á leið milli varpstöðva á NA-Grænlandi og vetrarstöðva við strendur V-Evrópu og Afríku, allt suður til Namibíu. Hún er seinna á ferðinni en rauðbrystingur og er sjaldgæfari, jafnframt því að vera algengari á vorfarinu. Vorfarið er í maí og aðeins inni júní, en haustfarið frá síðari hluta júlí fram í september. Stærstu hóparnir eru venjulega á bilinu 30-50 fuglar, en 520 fuglar sáust á Kotagrandu í 18. maí 2014 (KHS). Hún sækir á sömu staði og hegðar sér svipað og rauðbrystingur.

**Sendlingur** er aðallega vetrargestur á Seltjarnarnesi, en einnig fargestur og sést eitthvað árið um kring. Þeir eru sjaldgæfastir yfir hásumarið, í júní og júlí, en algengastir í apríl og maí. Á árunum 1957-1986 sáust að meðaltali 139 (0-580) sendlingar í vetrarfuglatalningum Seltjarnarnesi, en 2011-15 aðeins 54 (12-92). Þessi fækkun er í samræmi við óútskýrða fækkun vaðfugla á Innnesjum um



hávetur (Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2015, Náttúrufræðistofnun 2016).

Sendlingur er eindreginn fjörufugl, hann sækir meira í þangfjörur en flestir vaðfuglar og var t.d. algengari á Gróttugranda en Leirum vorið 2015. Sést einnig við tjarnirnar, sérstaklega á vorin.

**Lóupræll** var varpfugl fyrrum, á árunum kringum 1955 urpu 3-5 pör, en 1986 aðeins eitt. Hann hefur ekki fundist verpandi á þessari öld. Breytingar á búsvæðum lóupræls, votlendi og óræktarmóum, hefur væntanlega valdið þessu hruni.

Lóupræll er algengur fargestur, hann sést bæði í fjörum og við tjarnir, þar sem hann er sérstaklega áberandi síðsumars. Hann fer að sjást um miðjan apríl og sést fram í október, þó mest sé af honum í júlí og ágúst. Stærsti hópurinn var á Bakkatjörn 4. ágúst 2011, 500 fuglar (YK, eBird).

Hvað veldur þessari fækkun sumra vaðfugla? Er fækkun í stofnum þeirra? Eru breytingar á leirunum, þannig að þeir fá minna að eta? Hafa fuglarnir breytt háttum sínum, t.d. fundið sér aðra og betri staði til að afla sér fæðu? Eins og fyrr var nefnt hefur svipuð þróun verið í Arnarnesvogi, sem og víðar á Innnesjum. Rauðbrystingi hefur fækkað víða suðvestanlands, t.d. á Álftanesi, í Kópavogi og Hvaleyrarlóni (JÓH&ÓE 2014, 2015). Þó virðist rauðbrystingastofninn ekki hafa minnkað að ráði (Guðmundur A. Guðmundsson, skrifl. uppl).



**10. mynd.** Hrossagaukar í biðildansi við Bakkatjörn 27. apríl 2013.

**2. tafla.** Lausleg könnun á varpdreifingu nokkurra algengra mófugla á Framnesi 2011 og 2013.

Hrossagaukur	2011	2013	Stelkur	2011	2013	Þúfuttlingur	2011	2013
Suðurnes	2	2	Suðurn.	7	4	Suðurnes	5	4
Nes og nágr.	3	2	Nes ...	5	4	Nes og nágr.	3	4
Snoppa	2	1	Snoppa	5	3	Snoppa	2	1
Grótta	1	1	Grótta	3	1	Grótta	1	1
Samtals	8	6	Samt.	20	12	Samtals	11	10

**Hrossagaukur** er algengur varpfugl, verpur helst í móum og graslendi, bæði blautu og þurru. Hann hefur aðlagast nábýli við manninn, svipað og stelkurinn, þó hann sé ekki eins algengur og hann. Árið 1955 urpu 4-7 pör, 5 pör árið 1986 og á síðustu árum (frá aldamótum) 6-8 pör (2. tafla). Hann virðist því standa nokkuð í stað.

Hrossagaukur er farfugl og sést yfirleitt ekki í hópum. Flestir sáust 14 saman þann 3. sept. 2016 (YK, eBird). Er árviss (hnegg) á Valhúsahæð.

**Jaðrakan** er strjáll en árlegur gestur, sem hefur orpið allavega einu sinni á síðustu árum. Þeir sjást aðallega á fartíma á vori, í apríl og maí, 1-6 fuglar (6 sáust 24. apríl 2014 (EBR, eBird)) og síðan frá ágúst fram í október. Hreiður fannst í krútalningu í Dal í Suðurnesi 22. júní 2015 og tveir fleygir ungar sáust á Leirum seinna um sumarið.

**Stelkur** er algengur varpfugl í graslendi, túnnum, mólum og mýrum. Hann er fugl sem á auðvelt með að aðlagast nábýli við manninn. Á árunum kringum 1955 urpu 5-6 pör á Seltjarnarnesi. Árið 1986 voru þau talin 17-18 vestan byggðar. Frá aldamótum hafa þörin verið frá 12 og uppí 22, oftast 15-20 (2. tafla). Varpstofninn virðist því hafa vera nokkuð stöðugur í 30 ár.

Hann er alltíður fargestur frá miðjum apríl fram í maí og síðan frá því seint í júlí fram í september, bæði í fjörum og við Bakkatjörn. Um 30 fuglar sáust mest á Leirum í talningu 2015 og stærsti hópurinn sem skráður var á Bakkatjörn voru 67 fuglar 25. apríl 2013 (YK, eBird). Í vetrartalningum sáust að meðaltali 2-3 fuglar (0-14), sem er svipað og fyrir 30 árum.

**Tildra** sést allt árið, en mest er af henni á fartíma, þegar fuglar á leið milli varpstöðva á Grænlandi og NA-Kanada og vetrarstöðva í Vestur-Evrópu suður til Vestur-Afríku hafa hér viðdvöl. Tildirur sjást bæði í fjörum og við Bakkatjörn. Vorfarið er frá því snemma í apríl og út maí, en hún er algengust í þeim mánuði, hæsta talning á Bakkatjörn var 20. maí 2011, 152 fuglar (EBR, eBird) og 200 fuglar sáust á Kotagranda 18. maí 2014 (KHS). Haustfarið er frá miðjum júlí og fram í september.

Henni hefur fækkað í vetrartalningum eins og öðrum vaðfuglum, á árunum 1957-86 sáust að meðaltali 72 fuglar (6-275), meðan á árunum 2011-15 sáust að meðaltali aðeins 9 (0-18). Á síðustu árum hafa tildirur sótt í brauð, sem fuglum er gefið við Bakkatjörn.

**Óðinshani** er sumargestur á tjörnunum, hann sést frá miðjum maí fram til ágústloka. Hann var strjáll varpfugl, grunur lék á varpi á 6. og 7. áratug síðustu aldar. Varp var síðan staðfest í Dal 1986 og 1991.

Óðinshana fækkaði mjög á Seltjarnarnesi, sem og víðar á landinu, kringum 1990, en honum hefur fjölgað aftur á síðustu árum. Flestir sáust í Dal 66 þann 20. júlí 2015 og 138 á Bakkatjörn 9. ágúst sama ár (EBR, eBird).

**Stormmáfur** sést frá hausti fram á vor, aðallega á Bakkatjörn, en einnig í Bakkavík, Dal og á Snoppu. Hann er tíðastur frá septemberbyrjun fram í miðjan nóvember, en þegar tjörnina hefur lagt er hann stopull; sést þó í talsverðum mæli út apríl. Stærsti hópurinn við Bakkatjörn var 231 fugl þann 27. jan. 2017, (YK, eBird). Hann sést í minna mæli í fjörum, oft með hettumáfum. Stormmáfi hefur fjölgað í vetrarfuglatalningum; á árunum 1957-86 sást tæplega einn fugl að meðaltali (0-9), en 2011-15 34 (0-61). Það er í samræmi við að tegundinni fer fjölgandi á landinu.

**Hringmáfur** er amerískur fugl, sem svipar mjög til stormmáfs; 1-3 fuglar héldu lengi til við Bakkatjörn og sóttu í brauðgjafir, en þeir eru nú horfnir.

**Sílamáfur** er farfugl, hann fer að sjást um miðjan mars og sést út febrúar. Flestir hafa sést að vorlagi 200 fuglar síðla í apríl og síðsumars 350 á Bakktjörn 9. ágúst 2015 (EBR, eBird). Sílamáfar sjást eitthvað í fjörum og víðar. Máfar sækja aðallega á Bakktjörn til að baða og hvílast. Þeir halda sig mest austan megin við tjörnina og nota stundum tækifærið til að næla sér í brauðbita, þegar fólk kemur til að gefa fuglunum.

**Silfurmáfur** sést árið um kring á Seltjarnarnesi, bæði í fjörum og á Bakktjörn. Hann er algengastur síðsumars og á haustin, frá ágúst fram í miðjan október. Hann er sjaldgæfastur á Bakktjörn frá desember fram í miðjan mars, en það fer eftir ísalögum hversu margir sjást yfir háveturinn. Fuglarnir nota tjörnina sem hvíldarstað, líkt og sílamáfurinn. Flestir sáust 50 þann 1. maí 2015. Silfurmáfi hefur heldur farið fjölgandi á Innnesjum undanfarin ár, en honum hefur þó ekki fjölgað mikið í vetrarfuglatalningum, úr 7 í 8 að meðaltali, frá árunum 1957-86 til 2011-16.

**Bjartmáfur** er vetrargestur, hann sést bæði í fjörum og á tjörnum. Hann er algengastur á haustin, frá miðjum september fram til miðs nóvember, en sjaldgæfastur frá miðjum maí og fram í miðjan september. Flestir voru á Bakktjörn 27. jan. 2017, 291 fugl og flestir 24 í Dal 22. apríl 2015, en hann er annars sjaldséður þar.

Bjartmáfi hefur fjölgað í vetrartalningum, á árunum 1957-86 sáust að meðaltali 60 fuglar (0-225) og 102 (11-175) 2011-15.

**Hvítmáfur** sést árið um kring, en þó síst yfir hásumarið. Þeir sjást bæði í fjörum, á sjó og Bakktjörn, en sjaldan í Dal. Flestir eru á Bakktjörn frá ágústbyrjun fram eftir nóvember, oftast 10-30 fuglar, en færri á öðrum tímum. Þeir sækja þangað eins og flestir aðrir máfar, til að baða og hvílast.

Hvítmáfi hefur fækkað í vetrartalningum, á árunum 1957-86 sáust að meðaltali 460 fuglar (16-1381) og var hann langalgengasti máfurinn og þriðji algengasti fuglinn á þeim árum. Á árunum 2011-2015 sáust að meðaltali 58 (19-87) fuglar í vetrartalningunum. Þetta er í samræmi við fækkun hans á landinu öllu (sjá síðar).

**Svartbakur** er staðfugl á Seltjarnarnesi. Hann sést gjarnan í fjörum og er fæða hans þar m.a. rauðmagi. Hann sést sjaldan í Dal, en á Bakktjörn er hann tíður nema í síst í desember og janúar. Þar er hann í sömu erindagjörðum og aðrir máfar. Flestir voru þeir skráðir 44 þann 29. ágúst 2015 (EBR, eBird).

Svartbaki hefur stórfækkað á veturna eins og hvítmáfi. Á árunum 1957-86 sáust að meðaltali 226 fuglar (0-710), en á árunum 2011-2015 að meðaltali aðeins 14 (5-22). Þetta er í samræmi við fækkun svartbaks á landinu öllu undanfarna áratugi, honum hefur fækkað svo mikið að hann hefur lent á valista Náttúrufræðistofnunnar (2000).

**Hettumáfur** er varpfugl á Seltjarnarnesi og sést þar árið um kring. Hann er tíðastur síðsumars og á haustin, frá ágústbyrjun fram í nóvember. Fuglarnir sjást bæði í fjörum og á tjörnum, en stærstu hóparnir eru að jafnaði á Bakktjörn. Þar

geta fuglarnir skipt hundruðum, jafnvel skriðið yfir 1000 á Bakkatjörn – þann 23. sept. 2012 sáust t.d. 1030 fuglar á tjörninni (SÁR, eBird).



**11. mynd.** Hettumáfahópur við Bakkatjörn 27. sept. 2016. Með hettumáfum eru nokkrir stormmáfar, stakur hvítmáfur og ungur sílamáfur. Urtönd er svo í horninu neðst til hægri.

Hettumáfar hafa átt erfitt uppdráttar sem varpfuglar á Nesinu. Þeir hafa orpið við Búðatjörn, í Dal, í hólmanum í Bakkatjörn og innanum kríurnar í Gróttu; yfirleitt fá þör eða í mesta lagi um 20. Það er helst í Gróttu sem varpið hefur gengið og virðist hafa verið árvisst undanfarið. Ekki er vitað afhverju varpið hefur gengið svona brösuglega, en sumir hafa horn í síðu þessa fugls. Vegna umræðu í Umhverfisnefnd í júní 2006, setti ég þessi orð á blað í skýrslunni um athuganir 2007: „Sérstaklega er vafasamt að telja hettumáf til svokallaðra *vargfugla*. Hann ver vörp sín gegn óvinum, svipað og krían og sækjast endur, mófuglar og ýmsir vatnafuglar sérstaklega eftir að verpa í hettumáfsvörpum. Jafnframt nýtur hann friðunnar yfir sumartímann“. Sem betur fer hafa ofsóknir gegn ákveðnum fuglategundum á Seltjarnarnesi aldrei orðið meira en orð á blaði eða umræða á fundum. Eins og bent hefur verið á, sækja máfar á Bakkatjörn fyrst og fremst til að hvíla sig og baða (11. mynd). Brauðgjafirnar trekkja þó nokkuð að, máfarnir geta ekki vitað að brauðið er ekki ætlað þeim.

Hettumáfur er einn algengasti fuglinn í vetrartalningunum, á árunum 1957-1986 sáust að meðaltali 117 fuglar (0-1050) í hverri talningu, á síðustu fimm árum (2011-2015) hafa að meðaltali sést 147 (0-329).

**Rita** sést aðallega á sumrin, á Bakkatjörn sést hún frá miðjum apríl fram eftir október, hámarkið var 200 fuglar þann 30. ágúst 2007 (EBR, eBird). Þangað sækir hún eins og fleiri máfar, til baða og hvíldar. Engar ritur sáust í fjörutalningum 2015.

**Kría** er algengasti varpfuglinn á Seltjarnarnesi og einkennisfugl á sumrin. Vel hefur verið fylgst með varpinu. Stærð þess er þekkt frá árinu 1953 og frá aldamótum hefur Umhverfisnefnd látið vakta það með talningum annað hvert ár (AI & AG 1955, JÓH & ÆP 1997, JÓH 1996-2015).

Myndir 13. – 15. sýna útbreiðslu og stærð varpa í þremur talningum, 1986, 2005 og 2015. Sjá einnig 3. töflu, þar sem jafnframt sést stærð kríuvarps 1953. Þá urpu kríur á stöðum, sem nú eru komnir undir byggð, eins og við Bollagarða og á Valhúsaahæð.


Þróun varpsins er athyglisverð. Varpið 1986 er mjög svipað og varpið 1953, en sennilega eru tölur frá 1986 í lægri kantinum. Á 12. mynd sjást niðurstöður kríutalninga frá 1986. Í fyrstu þremur talningum eftir 1986 var aðeins talið í Gróttu. Árið 1996 var öflugt varp í Gróttu, um 1150 pör, næstum þreföld talan frá 1986. Það minnkar þó snögglega á næstu árum, er komið niður í 200 hreiður árið 1999. Vöktunardagskráin sem enn er í gangi hófst árið 2000. Þá voru enn aðeins 200 hreiður í Gróttu, en heildartalan 1850 hreiður eða næstum tvöföldun frá 1986. Kríum snarfjölgar fram til ársins 2005, þá eru hreiðrin orðin hvorki meira né minna en 4550. Það ár hefst kollsteypan mikla eða ætisskorturinn, sem stóð í 10 ár. Þó árið 2005 væri metár í varpi, komust fáir ungar á legg. Nýliðun sandsílis hefur meira og minna brugðist síðan þá. Krían hefur þó oftast reynt varp, nema árið 2011, þegar það brást alveg. Þessi óáran ríkti um sunnan- og vestanvert landið og hafði áhrif á varp flestra tegunda sjófugla eins og sílamáf, ritu og lunda. Árið 2015 var varpið í meðallagi (2240 pör), en þá brá svo við að afkoma unga var ágæt í fyrsta sinn í 11 ár. Varpárangur var sömuleiðis góður 2016.

Það er athyglisvert að skoða útbreiðslu og þéttleika kríunnar, eins og hann er sýndur á myndum 13. – 15. Árið 1986 er varpið nokkuð dreift á fjórum stöðum, í Suðurnesi, Gróttu, á Snoppu og við Bakkatjörn. Árið 2005 hefur varpið stækkað og dreift úr sér alls staðar nema við austanverða Bakkatjörn, næst byggðinni. Árið 2015 kveður svo við annan tón. Þá hefur varpið skroppið saman aftur, er t.d. horfið frá Bakkatjörn, sunnanverðri Snoppu, hluta Gróttu og víða í Suðurnesi. Varpið er í meðallagi, en hefur þétt mikið. Þetta er varla hægt að túlka öðruvísi en svo, að krían sé að þétta sig vegna aukins ágangs og truflunar.

**3. tafla.** Stærð og dreifing kríuvarpa í nokkrum talningum á rúmum 60 árum.

Staður/Ár	1953	1986	2005	2015
Suðurnes, Dalur		50	710	550
Suðurnes, annað		200	1630	890
Bakkatjörn		200	120	0
Snoppa		60	340	370
Gróttu		430	1750	430
Samtals	980 <sup>1</sup>	940	4550	2240

<sup>1</sup> Árið 1953 urpu um 900 pör í Suðurnesi og á gröndunum, 20-30 á Valhúsaahæð og um 50 pör í landi Bollagarða (Agnar Ingólfsson & Arnþór Garðarsson 1955).




**12. mynd.** Niðurstöður 13 talninga á kríuvarpi á Seltjarnarnesi 1986 – 2015. Aðeins var talið í Gróttu á árunum 1996, 1997 og 1999 (úr JÓH 2015).

Í 4. töflu sést urpt (eggjatala) kríu 1997 og svo frá aldamótum. Urptin gefur góða mynd af ástandi fugla og fæðunnar í sjónum. Á árunum fyrir hrun eða fram til 2005, voru að meðaltali yfir 2 egg í hverju hreiðri. Urptin var hæst 2001, 2,62 egg. Árið 2015 fundust þrjú egg í tveimur hreiðrum, en ekkert hreiður með þremur eggjum fannst 2013. Þegar best lét, 2001, var næstum 20% hreiðra með þremur eggjum. Ef góður varpárangur á eftir vera viðvarandi, stækkar meðalurptin vafalaust á ný.

**4. tafla.** Urpt kríu í 8 talningum á Seltjarnarnesi 1997-2015. Engar kríur urpu 2011.

Urpt	1997	2001	2003	2005	2007	2009	2013	2015
1 egg	7	15	19	14	20	57	117	83
2 egg	28	59	81	161	2	56	101	69
3 egg	13	18	21	26	0	2	0	2
Hreiður - n	48	92	121	201	22	115	218	154
<b>Meðalurpt</b>	<b>2,13</b>	<b>2,62</b>	<b>2,02</b>	<b>2,06</b>	<b>1,1</b>	<b>1,3</b>	<b>1,46</b>	<b>1,47</b>



**13. mynd.** Útbreiðsla kríu og stærð varpa 1986 (JÓH & ÆP 1997). Tölur eru sennilega í lægri kantinum. Sjá 3. töflu varðandi heildartölu.

Fyrstu kríurnar sjást venjulega um mánaðamótin apríl/maí og eru þær alkomnar í síðustu viku maí. Þeim fer að fækka í eðlilegu árferði í lok júlí og eru að mestu horfnar í september. Haustið 2015 var fylgst með kríum á Bakkatjörn, þær komu þangað til að náttu sig og skiptu hundruðum í september. Þær voru að mestu horfnar viku af október. Þó sást ein 8. nóvember, sem er mjög seint (SÁR).

Kríur sjást um allt Framnesið. Fyrir utan vörpin halda þær sig mikið á tjörnum og fjörum. Leirur eru mjög mikilvægur setstaður fyrir kríuna þegar talið var 2015. Flestar sáust 2. ágúst, alls 1062 fuglar.





14. mynd. Útbreiðsla kríu og stærð varpa 2005 (JÓH 2005). Sjá 3. töflu varðandi heildartölu. Þetta ár var metár hjá kríunni.



15. mynd. Útbreiðsla kríu og stærð varpa 2015 (JÓH 2015). Sjá 3. töflu varðandi heildartölu.

**Lundi** verpur í Akurey og sjást lundar oft á tíðum við norðanvert Seltjarnarnes, sérstaklega á flugi til og frá varpinu. Þeir sjást frá apríllokum og fram í september.

**Púfutittlingur** er algengur varpfugl og farflugl á Seltjarnarnesi. Hann fer að sjást um 20. apríl og er yfirleitt horfinn í lok október. Þeir eru oft mest áberandi á fartíma á haustin en hafa sést í öllum mánuðum ársins.

Púfutittlingurinn verpur víða í þurrum og blautum mómum. Varpstofninn virðist vera svipaður, um 1955 er hann talinn vera 10 pör, 15 pör 1986 og 10-11 pör 2011 og 13 (2. tafla).

**Maríuerla** er strjáll varpfugl og farflugl á Nesinu. Hún fer að sjást um miðjan apríl og sést fram í byrjun september. Hún er meira áberandi síðsumars og sést í margs konar landi, bæði í fjörum, sem og við tjarnir og tún.

Maríuerlan var mun tíðari varpfugl, en með breyttri landnotkun hefur henni fækkað. Hún verpur í gömlum kofum og útihúsum, viðarhlöðum, steinhleðslum og fiskihjöllum. Á fyrri helmingi 6. áratugar síðustu aldar var talið að um 5 pör yrpu á Seltjarnarnesi. Árið 1986 var áætlað að 10 pör yrpu. Sumarið 2011 fundust fjögur pör á Framnesi, en aðeins eitt 2013. Auk þess verpa þær hér og hvar í byggðinni, svo ætla má að varppörin á öllu Nesinu séu á annan tuginn (KHS). Það er tilvalið að setja upp varpkassa fyrir maríuerlur, t.d. á hús og byggingar.

**Steindepill** var alltíður varpfugl á árum áður, 1955 urpu 7-8 pör, 1986 urpu nærri fimm pörum, en á þessari öld hefur ekki orðið vart við varp. Hann varp í hlöðnum veggjum og undir steinum. Stofninn sveiflast nokkuð, en hann virðist ekki hafa náð sér á strik á Seltjarnarnesi eftir niðursveiflu á tíunda áratug síðustu aldar. Jafnframt hefur röskun á búsvæðum haft áhrif, en samt eru enn víða góðar aðstæður fyrir hann, eins og í Gróttu. Nú sést steindepill aðallega á fartíma, í maí og ágúst – október.

**Svartþröstur** er nýr landnemi, sem hóf að verpa í görðum á Seltjarnarnesi kringum 2007. Hann er nú algengur garðflugl víða í sveitarfélaginu, en sést stundum á Framnesinu, t.d. við Bakkatjörn. Svartþröstur er staðflugl.

**Skógarþröstur** er annar garðflugl, hann er einnig landnemi, en aðeins eldri en svartþröstur, hóf að verpa á Nesinu uppúr 1960. Landnám skógarþrastar, eins og annarra garðfugla, er afleiðing aukinnar byggðar og trjáræktar. Í görðum velja þrestir sér helst grenitré til varps, en þeir verpa einnig í fiskihjöllum, tómum kofum, utan á húsum og víðar. Flestir skógarþrestir eru farfluglar og er hann mest áberandi á Framnesinu á fartíma í apríl og síðan aftur í september – október. Einhver slæðingur af skógarþröstum dvelur í görðum allan veturinn. Þeir fóru að hafa vetrardvöl uppúr 1970 og í vetrartalningum 2011-2015 sáust að meðaltali 8 fuglar (1-22), en þá er ekki talið í görðum.

**Hrafn** sést árið um kring á Seltjarnarnesi, en hann er þó sjaldgæfastur yfir hásumarið, í júní og ágúst. Hann sést víða þar sem æti er að finna, oft í fjörum. Árið 1972 reyndu hrafnshjón varp í Gróttuvita, en steipt var undan þeim.

Hrafnar eru algengastir á veturna, í vetrartalningum 1957-86 sáust að meðaltali 25 fuglar (3-64) og á árunum 2011-15 sáust að meðaltali 17 (11-22). Þann 13. febrúar 2016 sáust 17 við Bakkatjörn (EBR, eBird).

**Stari** er algengur varpfugl í þéttbýlinu á Seltjarnarnesi, en hann varp fyrst 1962. Hann verpur jafnframt á Framnesinu, t.d. í Gróttu, Ráðagerði og e.t.v. víðar. Árið 1986 var áætlað að um 30 pör yrpu á Nesinu. Starinn er staðfugl og sjást þeir víða utan varptíma, utan byggðar til dæmis í fjörum, við tjarnir og á túnnum. Árið 1970 fóru þeir að sjást í vetrartalningum og fram til 1986 sáust að meðaltali 36 í talningum. Á árunum 2011-15 var meðaltalið 84 fuglar (54-143). Þeir eru mest áberandi á Framnesinu eftir að ungar verða fleygir í júní-júlí og fram eftir hausti. Stærsti hópur sem mér er kunnugur voru 200 fuglar við Bakkatjörn 17. okt. 2012 (SÁR, eBird).

**Auðnutittlingur** er fyrst og fremst fugl garða og trjágróðurs. Hann fer líklega að verpa uppúr 1970 og er nú alltíður varpfugl, en nokkur árskipti eru að fjölda hans. Hann er staðfugl, en skilar sér ekki vel í vetrarfuglatalningum sem einskorðast við strönd og grunnsævi. Flestir sáust 33 í talningunni 1972 (26. des.). Á árunum 2011-15 sáust auðnutittlingar aðeins einu sinni í vetrartalningu, 10 fuglar 2011. Hann sést helst við Bakkatjörn í október, flestir 15 þann 18. okt. 2012 (EBR, eBird).

**Snjótittlingur** er nú eingöngu vetrargestur, en þeir urpu óreglulega í Suðurnesi, síðast svo kunnugt sé 1992. Þeir urpu í grjóthleðslum eða undir steinum í sjóvarnargarðinum. Snjótittlingar eru mest áberandi í hörkum á veturna, þeir sækja bæði í fóður þar sem gefið er, svo og í fjörur. Í vetrartalningum á árunum 1957-1986 sáust að meðaltali 539 fuglar (0-2645), en á síðustu árum mun færri og er það í samræmi við skráningar á snjótittlingum að vetrarlagi á Seltjarnarnesi síðan 2001 (KHS).

### **Aðrir fuglar**

Fuglar, sem eru reglulegir gestir á Seltjarnarnesi, en hafa ekki hafa verið taldir upp hér á undan, eru brandönd, lómur, himbrimi, súla, smyrill, fálki, spói, þórshani, kjói, dvergmafur, langvía, álka, teista, húsdúfa og músarindill.

### **Spendýr**

Selir eru alltíðir á töngum eða skerjaflákum við Suðurnes og Gróttu. Vinsæll setstaður er steinn í Seltjörn við Suðurnes. Selir sjást oft við norðurströndina og þeir nýta Löngusker til uppsáturs. Þetta eru fyrst og fremst landselir, en stöku útselir sjást einnig. Hvalir sjást stundum við Nesið, oftast smáhvelin hnísa og hnýðingur, en stöku sinnum sjást hnífubakar, háhyrningar og hrefnur. Hagamús er landlæg, eins og annars staðar á landinu; stundum verður vart við húsamús, brúnrottu og mink.

Fugl	Staða	Fækkun /fjölgun	Á hvaða árstíma sést fuglinn				Hvar og hversu tíður fuglinn á hinum ýmsu svæðum: – sést ekki, + sést en ekki í umtalsverðu magni, ++ mjög algengur									Ath s
			vetu r	vo r	sumar	haust	Bakka- tjörn	Nesmó i	Bakka vik/Lei rur	Suður- nes nema Dalur	Dalur í Suður nesi	Kotagra ndir/Seifj örn	Grötta	Snoppa		
Álf	V	+	x	x	x	X	++	+	+	-	+	+	-	-		
Grágæs	V	++	x	x	x	X	++	++	-	+	++	+	+	+		
Margæs	F	++		x		X	++	++	++	++	++	+	-	-		
Rauðhófaönd	G	+	x	x	x	X	++	-	-	-	+	+	-	-		
Gargönd	V	0		x	x	X	++	-	-	+	++	-	-	-		
Urtönd	G	+	x	x	x	X	++	-	-	-	++	-	-	+-		
Stökkönd	V	-	x	x	x	X	++	-	+	+	++	+	+	-		
Skeiðönd	Gv	+		x	x	X	++	-	-	-	++	-	-	-		
Skúfönd	V	0		x	x	X	++	+	-	+	+	-	-	-		
Duggönd	Gv	--		x	x	X	+	-	-	-	+	-	-	-		
Æðarfugl	V	0	x	x	x	X	++	+	++	+	++	++	++	++		
Hávella	Gv	-	x	x		X	++	-	+	-	+	+	+	-		
Toppönd	Gv	-	x	x	x	X	++	-	+	-	-	+	+	+-		
Fýll	G	0	x	x	x		+	-	-	-	-	+	+	+		
Dílaskarfur	G	+	x	x		X	-	-	+	+	-	+	+	+		
Tjaldur	V	±	x	x	x	X	++	+	++	++	++	++	+	+		
Sandlóa	V	-		x	x	X	++	-	++	+	+	+	+	+		
Heiðlóa	Gv	-		x	x	X	++	+	++	-	+	+	+	+		
Rauðbrystingur	F	--		x	x	X	+	+	++	-	+	+	+	+		
Sanderla	F	0		x	x	X	+	+	+	-	+	+	+	-		
Sendlingur	G	-	x	x		X	+	-	+	-	-	+	++	+		
Lóupræll	Gv	0-		x	x	X	++	-	++	-	+	+	-	+		
Hrossagaukur	V	0		x	x	X	+	+	-	+	+	-	+	+		
Jaðrakan	Gv	+		x	x	X	+	-	+	-	+	-	-	-		
Stelkur	V	0	x	x	x	X	++	+	++	+	+	+	+	+		
Tildra	F	-	x	x	x	X	++	+	++	-	+	+	+	+		
Óðinshani	Gv	-		x	x		++	-	-	+	++	-	-	-		
Stormmáfur	G	+	x	x		X	++	-	+	-	+	+	-	+		
Sílamáfur	G	+		x	x	X	++	+	+	+	+	+	+	+		
Silfurmáfur	G	+	x	x	x	X	++	-	+	-	+	+	+	+		
Bjartmáfur	G	+	x	x		X	++	-	+	-	+	+	+	+		
Hvítmáfur	G	--	x	x	x	X	++	-	+	-	+	+	+	+		
Svarbakur	G	--	x	x	x	X	++	-	+	-	+	+	+	+		
Hettumáfur	V	0	x	x	x	X	++	+	++	+	++	+	+	+		
Ríta	G	-		x	x	X	+	-	-	-	-	+	-	+		
Kría	V	+		x	x	X	++	+	++	++	++	+	++	++		
Lundi	G	0		x	x		-	-	-	-	-	+	+	+		
Þúfutittlingur	V	0		x	x	X	+	+	+	+	+	+	+	+		
Maríuerla	V	-		x	x		+	-	+	+	+	+	+	+		
Steindepill	Gv	-		x	x		+	-	+	+	+	+	+	+		
Svarþröstur	V	++	x	x	x	X	+	+	-	-	-	-	-	+		
Skógarþröstur	V	+	x	x	x	X	+	+	+	-	+	+	+	+		
Hrafn	Gv	-	x	x	x	X	+	+	+	+	+	+	+	+		
Stari	V	+	x	x	x	X	++	++	+	+	+	+	++	+		
Auðnutittlingur	V	0	x	x	x	X	+	-	-	-	+	+	-	+		
Snjótittlingur	Gv	-	x				++	+	+	+	+	+	+	+		

### 5. tafla. Staða, tíðni og breytingar algengustu fugla á Seltjarnarnesi.

#### Staða:

V varpfugl

F fargestur

G gestur

Gv gestur, sem hefur orpið

- Fækkun frá 1986

-- Mikil fækkun

± Fjölgun á vissum tímum,

fækkun á öðrum

#### Athugasemdir:

1 Fjölgun varpfugla, fækkun vetrarfugla

2 Aðallega í byggðinni á Seltjarnarnesi

#### Fækkun/fjölgun/stendur í stað

0 Litlar breytingar frá 1986

+

++ Mikil fjölgun

## Verndarviðmið fugla

Tegundir sem þarfnast verndar eru flokkaðar þannig (María Harðardóttir o.fl. 2003):

- Tegundir á válista og sjaldgæfar tegundir
- Ábyrgðartegundir
- Tegundir mikilvægar á landsvísu
- Tegundir sem falla undir alþjóðlega samninga

Á íslenska válistanum eru 32 tegundir fugla. Þetta eru m.a. litlir stofnar, nýir landnemar og fuglar sem eru hér á útbreiðslumörkum (Náttúrufræðistofnun Íslands 2000). Þótt tiltölulega fáar fuglategundir verpi hér á landi, er fjöldi einstaklinga oft mikill og af þeim sökum eru íslenskir fuglastofnar oft á tíðum hátt hlutfall af Evrópu- eða heimsstofni viðkomandi tegundar. Í alþjóðlegum verndarviðmiðum eru slíkar tegundir nefndar ábyrgðartegundir. Ef miðað er við 30% lágmark af Evrópustofni, eru það að minnsta kosti 16 tegundir varpfugla, sem Íslendingar bera mikla ábyrgð á. Nokkrar tegundir fugla hafa viðdvöl á Íslandi á leið sinni til og frá norðlægum varpslóðum, en verpa ekki á landinu. Kallast þeir fargestir eða umferðarfuglar. Ísland er mikilvægur áningarstaður fyrir þessa norðlegu fugla og ábyrgð okkar því mikil á þessum stofnum. Þeir nýta viðkomustaði á Íslandi til hvíldar og til að safna orku fyrir áframhaldandi farflug og varp (6. tafla, María Harðardóttir o.fl. 2003: 28, Ólafur Einarsson o.fl. 2002: 25-26, Náttúrufræðistofnun Íslands 2000).

Alþjóða náttúruverndarsamtökin (IUCN) og Evrópusambandið fólu Alþjóða fuglaverndarsamtökunum *BirdLife International*, og fleiri aðilum, að flokka allar evrópskar fuglategundir með tilliti til verndarstöðu í Evrópu. Endurskoðaður válisti Evrópu (European Red List) kom út árið 2015 og var útgáfan að hluta til fjármögnuð af Evrópusambandinu (BirdLife International 2015a og b).

Stöðluð válistaflokkun er þessi:

EX = Útdauður (Extint)

RE = Útdauður svæðisbundið (Regionally extinct)

CR = Í bráðri hættu (Critically endangered)

EN = Í hættu (Endangered)

VU = Í yfirvofandi hættu (Vulnerable)

NT = Í nokkurri hættu (Near threatened)

LC = Í minnstri hættu (Least concern)

**Bernarsamningurinn** um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu var gerður í Bern í Sviss árið 1979 og öðlaðist gildi árið 1982. Aðild Íslands tók gildi þann 1. október 1993 (Stjórnartíðindi C 17/1993). Markmið samningsins er að stuðla að verndun evrópskra tegunda villtra plantna og dýra og lífsvæða þeirra, einkum þeirra tegunda og lífsvæða sem fjölþjóðlega samvinnu þarf til að vernda. Markmið samningsins er enn fremur að hvetja til fjölþjóðlegrar samvinnu þar sem hennar er þörf til að vernda tegundir villtra plantna, dýra og lífsvæða. Samningnum fylgja fjórir viðaukar. Viðaukar I - III telja þær plöntur og

Þau dýr sem aðilum ber að vernda og ákvæði um verndun þeirra. Viðauki IV fjallar um forboðinn veiðibúnað og veiðiaðferðir. Viðauki II hefur að geyma skrá yfir spendýr, fugla, skriðdýr, froska, fiska og hryggleysingja. Aðilum ber að gera viðeigandi og nauðsynlegar ráðstafanir til að friða þessar tegundir og vernda lífssvæði þeirra, meðal annars m.t.t. veiða, eggjatöku, ónæðis við bústaði þeirra, sérstaklega um fengi- og varptímamann, og verslunar, ef það hefur þýðingu fyrir verndun tegundanna. Sérstök áhersla er lögð á friðun þeirra svæða sem eru mikilvæg fyrir þær fartegundir sem eru á skrá viðaukans. Viðauki III hefur að geyma skrá yfir spendýr, fugla, skriðdýr og froskdýr. Þessi dýr skulu njóta verndar og tryggt verði að veiði eða nýting þessara tegunda sé þannig að þeim verði ekki stefnt í hættu, m.a. með takmörkun á veiðitíma, svæðisbundnum banni á veiðum og stjórn á nýtingu og verslun. Sérstök áhersla er lögð á friðun þeirra svæða sem eru mikilvæg fyrir þær fartegundir sem eru á skrá viðaukans (Umhverfisráðuneytið án ártals).

### **Algengir fuglar á Seltjarnarnesi og staða þeirra á válistum**

Flestir hinna 45 fuglategunda, sem einkenna Seltjarnarnesið, eru sem betur fer ekki á neinum válistum og standa nokkuð vel. Íslenski válistinn þykir úreltur og er núna unnið að nýjum válista og er horft til hins nýja Evrópuválista við ritun hans. Dæmi um breytingar er, að grágæs verður væntanlega tekin af válista meðan duggönd lendir á honum, hinna fyrri hefur fjölgað meðan þeirri seinni hefur snarfækkað. Enda er duggönd í yfirvofandi hættu samkvæmt Evrópuválista (6. tafla). Sjá einnig skýrsluna *Vöktun íslenskra fuglastofna* (Guðmundur A. Guðmundsson & Kristinn Haukur Skarphéðinsson 2012).

Æðarflugl er á Evrópuválista, sem tegund í yfirvofandi hættu, en staða hans er nokkuð sterk hér. Hann er ábyrgðartegund, stór hluti heimsstofnsins verpur hér á landi. Hávella er í yfirvofandi hættu og toppönd í nokkurri hættu. Fýll og lundi eru báðir í hættu, enda hefur slæm afkoma sjófugla eins og kríunnar vegna ætisskorts (sjá kaflann um kríuna), haft sín áhrif á stofnstærðir flestra þeirra.

Tjaldur og jaðrakan eru báðir í yfirvofandi hættu, skv. Evrópuválistanum. Jaðrakan er ábyrgðartegund, hér verpur undirtegund sem finnst einnig í litlum mæli í Færeyjum og Noregi. Hann er jafnframt skráður í II viðauka Bernarsamningsins, ásamt sendlingi og tildru.

Máfarnir koma nokkuð vel út. Stormmáfur var á válista, vegna þess hve stofninn er lítill, en hann fer vaxandi og er ekki í hættu. Svartbakur verður væntanlega áfram á listanum, honum hefur fækkað mikið og hvítmáfur fer einnig á listann vegna mikillar fækkunar. Silfurmafur og rita eru á Evrópuválistanum, sá fyrri fer væntanlega ekki á íslenskan válista, en ritan mjög líklega.

Þúfuttlingur og skógarpröstur eru báðir sagðir í nokkurri hættu á Evrópulistanum, íslenski skógarprösturinn er sérstök undirtegund. Hrafn er á íslenska listanum og verður það sennilega áfram.

**6. tafla.** Válista- og ábyrgðartegundir meðal þeirra 45 tegunda sem fjallað er um hér að framan. Einlendra (endemic) undirtegunda er sérstaklega getið.

Fugl	Staða	Válisti	Ábyrgðar- tegund	Evrópu- válisti	Bern viðauki <sup>1</sup>	Íslensk undirtegund
Álft	Varpfugl/staðfugl			LC	II	
Grágæs	Varpfugl/staðfugl	VU	X	LC	III	
Margæs	Fargestur		X	LC	III	
Rauðhöfðaönd	Gestur allt árið			LC	III	
Gargönd	Varpfugl/farfugl	VU		LC	III	
Urtönd	Gestur allt árið			LC	III	
Stökkönd	Varpfugl/staðfugl			LC	III	
Skeiðönd	Ór. varpf/sumargestur			LC	III	
Skúfönd	Varpf/sumargestur			LC	III	
Duggönd	Ór. varpf/sumargestur	X		VU	III	
Æðarfugl	Varpfugl/staðfugl		X	VU	III	X
Hávella	Ór. varpf/vetrarg/vorg			VU	III	
Toppönd	Ór. varpfugl/staðfugl			NT	III	
Fýll	Vetur/vor/sumarg.		X	EN	III	
Dílaskarfur	Vetrargestur			LC	III	
Tjaldur	Varpfugl/staðfugl			VU	III	
Sandlóa	Varpfugl/fargestur		X	LC	III	X
Heiðlóa	Ór. varpfugl/fargestur		X	LC	III	
Rauðbrystingur	Fargestur		X	LC	III	
Sanderla	Fargestur		X	LC	III	
Sendlingur	Vetrarg./fargestur		X	LC	II	X
Lóupræll	Ór. varpf/fargestur		X	LC	III	X
Hrossagaukur	Varpfugl/farfugl			LC	III	X
Jaðrakan	Ór. varpf/sumargestur		X	VU	II	X
Stelkur	Varpfugl/staðfugl		X	LC	III	X
Tildra	Fargestur/staðfugl		X	LC	II	
Óðinshani	Ór. varpf/sumargestur			LC	III	
<b>Stormmáfur</b>	Haut/vetur/vorg.	LR		LC	III	
<b>Sílamáfur</b>	Vor/sumar/haustg.			LC	III	
<b>Silfuramáfur</b>	Gestur allt árið			NT	III	
<b>Bjartmáfur</b>	Haut/vetur/vorg.			LC	III	
<b>Hvitmáfur</b>	Gestur allt árið			LC	III	
<b>Svartbakur</b>	Gestur allt árið	VU		LC	III	
<b>Hettumáfur</b>	Gestur allt árið			LC	III	
<b>Rita</b>	Vor/sumar/haustg.			VU	III	
<b>Kría</b>	Varpfugl		X	LC	III	
<b>Lundi</b>	Sumargestur		X	EN	III	
<b>Þúfuttlingur</b>	Varpfugl/fargestur			NT	II	
<b>Maríuerla</b>	Varpf/sumargestur			LC	III	
<b>Steindepill</b>	Ór. varpf/sumargestur		X	LC	III	X
<b>Svartþröstur</b>	Varpfugl/staðfugl			LC	III	
<b>Skógarþröstur</b>	Varpfugl/staðfugl		X	NT	III	X
<b>Hrafn</b>	Ór. varpf/gestur	VU		LC	III	X
<b>Stari</b>	Varpfugl/staðfugl			LC	III	
<b>Auðnutittlingur</b>	Varpfugl/staðfugl			LC	III	
<b>Snjótittlingur</b>	Ór. varpf/vetrarg.		X	LC	III	X

1 Enginn fugl fær inni á töflunni fyrir að vera **eingöngu** skráður í viðauka III hjá Bernarsáttmálanum eða sem LC á Evrópuválistanum.

Allir kunnir varpfuglar eru í töflunni, nema þórshani, sem varp forðum, en sést nú aðeins stöku sinnum. Sömu leiðis músarrindill, sem talið er að hafi orpið.

## Búsvæði

Framnesinu er skipt í 8 svæði. Þessi skipting er landfræðileg, en þó er einnig stuðst við búsvæði tegunda.



16. mynd. Skipting Framness í átta svæði.

### 1. Bakkatjörn

#### Lýsing

Fram til 1960 var Bakkatjörn opin um ós í Bakkagranda. Ósnum var lokað um 1960 og varð þá til ísölt tjörn, sem nú er um 7 ha að stærð. Grandar aðskilja tjörnina frá sjó á tvo vegu; Bakkagrundi í suðri frá Bakkavík, en Kotagrandi í vestri frá Seltjörn. Að norðan og austan liggja að tjörninni vel gróið graslandi og gömul tún. Þetta svæði ásamt tjörninni er nú friðlýst fuglafriðland, stærð um 16 ha. „Markmið friðlýsingarinnar er að vernda tjörnina og lífríki hennar ásamt aðliggjandi votlendi og vallendi“ (Friðlýsingarauglýsing, Umhverfisstofnun 2016).





**17. mynd.** Austurhluti Bakkatjarnar 6. júlí 2011. Sveipjurtir setja svip á bakkana, kúmen nær, en skógarkerfill neðan við Nesstofu.

Bakkatjörn er grunn með sléttum botni (18. mynd). Vatnasvið Bakkatjarnar er mjög lítið, eða liðlega 50 ha, sem er nær sjöfalt flatarmál tjarnarinnar. Hvorki er aðrennsli né afrennsli á yfirborði í tjörnina. Ekkert lindarvatn er í nágrenninu og því ljóst að vatnsbúskapur Bakkatjarnar fylgir náíð grunnvatnsstöðu, sem stjórnast fyrst og fremst af úrkomu og lofthita. Þess vegna eru töluverðar vatnsborðssveiflur í tjörninni og grynri hluti hennar þornar venjulega upp síðsumars. Selta mældist það lítil í tjörninni í rannsókn sumarið 2008, að hún flokkast nú sem ferskvatn (Hilmar J. Malmquist o.fl. 2009).

Aðrir hluta friðlands Bakkatjarnar, bæði SV-hornið og bakkinn norðan og austan megin, eru vel gróin. Austur úr tjörninni gengur votlendisræma, Rásin, sem jafnframt er mjög vel gróin og er líklega stærsta mýrlendi, sem eftir er á Seltjarnarnesi (Kristbjörn Egilsson 1997). Skógarkerfill hefur stungið sér niður í friðlandinu og hefur garðyrkjustjóra verið gert viðvart. Hann er ágeng og framandi lífvera (NOBANIS 2016).



**18. mynd.** Bakkatjörn 19. ágúst 2008. Lítið vatn er í tjörninni.

### *Fuglar*

Bakkatjörn er orðin heimsþekkt vegna fjölbreytts fuglalífs og hversu mikið af sjaldséðum fuglum hafa stungið þar upp kollinum. Yfir 100 tegundir fugla hafa sést á og við tjörnina. Meðal annars hafa sést þar allar títutegundir (*Calidris*) sem fundist hafa hér á landi eða alls 17 (að rúkraga meðtöldum).

Allar endur sem hafa orpið á Seltjarnarnesi hafa orpið við Bakkatjörn nema skeiðönd: gargönd, stökkönd, skúfönd, duggönd, æður, hávella og toppönd. Auk þess hafa tvær aðrar tegundir af andaætt orpið þar, álft og grágæs. Flestir aðrir fuglar, sem verpa eða hafa orpið á Seltjarnarnesi hafa orpið við tjörnina. Það eru helst fuglar sem verpa í grjóthleðslum (maríuerla, steindepill og snjótittlingur) eða í gördum (svartþröstur, skógarþröstur og auðnutittlingur), sem verpa þar ekki, en þeir hafa þó allir sést við Bakkatjörn.

Fargestir eða umferðarfuglar á leið milli vetrarstöðva í Evrópu og varpstöðva á Grænlandi og íshafseyjum Kanada, nota Bakkatjörn talsvert. Meðal þessara fugla eru margæs, rauðbrystingur, sanderla og tildra, svo og fuglar sem jafnframt verpa hérlendis, en hluti stofnsins heldur áfram: sandlóa, lóupræll og sendlingur. Margir vaðfuglar nota tjörnina sem flóðsetur: þeir baða sig þar, drekka og hvílast, þegar háflóð hindrar þá í að leita sér ætis í fjörum. Manngerður hólmi hefur aukið möguleika fyrir þessa fugla, sem og varp fugla eins og álfar, tjalds og æðar.

Það sem einkum stuðlar að þessari fuglamergð er gnótt ætis í tjörninni. Mikið er þar af vatnaflóm, augndílum og þyrildýrum og í samanburði við önnur vötn á Innnesjum, er þéttleikinn mjög mikill. Einnig er þar mikið af hornsílum. Gríðarleg frumframleiðsla er meðal svifþörungum og eru grænþörungur ríkjandi. Magn blaðgrænu er það hæsta, sem mælst hefur í ferskvatni hérlendis (Hilmar J. Malmquist o.fl. 2009).

### *Framtíð og hættur*

Þó Bakkatjörn sé friðlýst, er samt ekki tryggt, að fuglum séu búin þar bestu skilyrði. **T.d. er 3. reglu um friðlandið ekki fylgt:** „Á varptíma, 1. maí til 1. júlí, er umferð um friðlandið næst Bakkatjörn takmarkað“. Þetta á væntanlega aðallega við norður- og austurbakkann. Hver sem er getur valsað þar um að vild og fátt sem takmarkar aðgang eða bendir á, að um friðland sé að ræða og að aðgangur sé óheimill á varptíma.

Annað sem ógnar norður- og austurbakkanum eru ágengar, innfluttar plöntur, sem hamla fuglum aðgang af svæðinu, t.d. til fæðuöflunar eða varps. Það er helst skógarkerfill, sem hefur verið að breiða úr sér á þessu svæði (17. mynd). Hann er svo þéttur og illfær, að hann nýtist fuglum ekkert. Hvönn, kúmen, snarrótarpuntur og aðrar stórvaxnar innlendar jurtir, sem vaxa þarna, eru miklu fuglavænni en kerfillinn. Garðyrkjustjóri Seltjarnarness hefur hafið herferð gegn kerfli í bæjarlandinu og er það vel. Töluvert átak þarf til að útrýma kerfli við Bakkatjörn.

Fjölgun ferðamanna og hróður Bakkatjarnar sem fuglaskoðunarsvæðis, kallar á aukna fræðslu og eftirlit. Bæta þarf við fræðsluskiltum, sem m.a. vekja athygli á friðlandinu við Bakkatjörn, umferðartakmörkunum þar og kynna hið ótrúlega fuglalíf, sem þrífst við tjörnina. Nýta þarf fræðslubruninn *Seltjarnarnes í máli og myndum* meira (Seltjarnarnes 2008). Æskilegt er að koma á stöðugri gæslu og landvörslu á öllu Framnesinu um varptímann.

Allar framkvæmdir í friðlandinu eru háðar leyfi Umhverfisstofnunnar og bæjarstjórnar. Stíga þarf afar varlega til jarðar á þessum viðkvæma stað.



**19. mynd.** Túnið vestan og sunnan við Nesstofu. Myndin er tekin 19. ágúst 2008 og Lækningaminjasafnið og jarðvegstíppurinn eru ekki risin. Kringum túnið er gamall túngarður sem sést móta fyrir og jafnframt sést glitta í nokkur hinna merku hringlaga gerða, sem eru í túninu.

## 2. Nestún

### Lýsing

Vestan og sunnan við Nesstofu er tún, sem var verið slegið. Kringum það eru nokkur hús, svo og óræktarmóar (19. mynd). Suðurjaðarinn er Bakkatjarnarfriðlandið. Hluti þessa svæðis er reyndar ekki tún lengur, heldur mundi kallast óræktarmói eða graslendi. Nyrsti parturinn eru gamlir kartöflugarðar. Stærðin er um 12,5 ha. Nokkrar fornminjar eru á og við túnið. Umhverfis túnið er forn túngarður og í túninu sjálfu hafa fundist 19 hringlaga gerði. Fimm þeirra voru leifar öskuhauga eða rústir útihúsa, en 14 er ekki vitað hvaða tilgangi þjónuðu, en sumir halda að séu írskir að uppruna og séu eldri en norræna landnámið. Jafnframt sjást bæjarhólar tveggja hjáleiga frá Nesi, Móakots og Knútsborgar (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Rúnar Leifsson 2006).

### Fuglar

Túnið sjálft er fyrst og fremst hvíldarstaður fyrir ýmsa fugla, en gæsir sækja þangað í talsverðum mæli til beitar. Grágæsir sækja í túnið þegar jarðbönn hamla ekki og það er mikilvægt beitiland fyrir marggæsir. Jafnvel heiðagæsaþur hefur sést á beit í túninu. Nokkuð er um að vaðfuglar og máfar noti túnið sem hvíldarstað, þar hafa sést yfir 700 hettumáfar og talsvert af ritu, svo dæmi séu tekin. Starar og líklega fleiri fuglar úr byggðinni sækja þangað í ætisleit.

Móarnir og óræktin í kring eru síðan varpland fyrir andfugla, vaðfugla, þar sem hrossagaukur og stelkur eru tíðastir, svo og þúfutittlingur.

### Framtíð og hættur

Óbyggt land eins og Nestún freistar framkvæmdaglaðra. Þar var byggt hús utanum Lækningaminjasafn fyrir fáeinum árum, sem stendur nú autt og bíður nýs hlutverks. Á Snoppu hefur verið komið upp jarðvegsgeymslu, sem mikil óþrýði er af. **Það er afar mikilvægt að fuglar hafi aðgang að slegnum bletti einhvers staðar í sveitarfélaginu.** Túnið ætti að njóta hverfisverndar, bæði vegna fornminja og fuglalífs. Deiliskipulag gerir ráð fyrir að svo verði.

## 3. Bakkavík, grunnsævi og fjörur

### Lýsing

Svæðið afmarkast af Bakkagranda í norðri og Suðurnesi í vestri, það er um 39 ha. Innan þess eru miklar grynningar, sem eru mest áberandi á stórstraumsfjöru. Má þar helstar nefna Leirur og fleiri staði við Bakkagranda (20. mynd) og Suðurnestanga, sem gengur suður úr Suðurnesi. Fjörur og grunnsævi að 6 metra dýpi teljast til votlendis, samkvæmt skilgreiningu Ramsar-sáttmálans um verndun votlendis (Umhverfissráðuneyti, án ártals). Leirurnar eru leirur eins og nafnið bendir til, en þar má víða finna fjörumó (21. mynd). Inná milli eru sandfjörur á Bakkagranda. Suðurnestangi er aðallega klappar- og þangfjara, með skeljasandsblettum inn á milli.

Leiran er gljúp og fínkornótt, hún er mynduð úr fíngerðu seti, sem á uppruna sinn í sjó og fjörumónum, sem á uppruna sinn í ferskvatnsmýrum á landi fyrir 9-10.000 árum (21. mynd). Setið er að hluta lífrænt, mestmegnis plöntu- og þörungaleifar. Leirurnar fósra fjölda lífvera og þær eru búsvæði margvíslegra hryggleysingja eins og pípuorma, burstaorma, skeldýra og marflóa. Þessi smádýr sía sjó og eta setið. Smádýrin eru mikilvæg fæða fyrir fjölda fugla. Á

Leirum vaxa jafnframt grænþörungar, sem eru fæða fyrir margæs og aðra grasbíta úr hópi andfugla (Agnar Ingólfsson 1977, Agnar Ingólfsson & María Björk Steinarsdóttir 1997).

### *Fuglalíf*

Leirur eru einstakar á Seltjarnarnesi. Í athugun sem gerð var frá 22. apríl til 30. sept. 2015, þar sem talið var reglulega á fjöru, sáust allt að 200 margæsir um vorið. Æðarfuglar sáust í öllum talningum, en aldrei margir. Tjaldur var algengasti vaðfuglinn, sást í öllum talningum, flestir síðsumars, frá 11 uppí 111 (2. ágúst). Heiðlóa var tíð, sérstaklega í september, 212 lóur voru á leirunum 13. september [um 600 sáust 14. okt. og um 1000 4. nóv. 2016]. Sandlóa sást allt sumarið, frá 1. maí til 18. ágúst. Rauðbrystingar sástu bæði síðla í maí og á síðsumarfarinu, í júlí-september. Slæðingur af sanderlu sást um vorið, flestar 32 þann 26. maí. Aðrir mistíðir vaðfuglar voru sendlingur, lóupræll, jaðrakan, stelkur og tildra (JÓH 2015).

Leirur voru mjög mikilvægur setstaður fyrir kríuna, þegar ungar voru komnir á flug. Flestar sáust 2. ágúst, alls 1062 fuglar. Ýmsir máfar sáust á Leirunni. Mest var af hettumáfi síðsumars (t.d. 54 þann 2. ágúst), en endranær innan við 10 fuglar þessara tegunda: stormmáfur, silfur máfur, sílamáfur, bjartmáfur, hvítmáfur og svartbakur. Stöku kjói, þúfutittlingur, maríuerla og hrafn sáust.

### *Framtíð og hættur*

Talsverður hluti af leirum á Innnesjum hefur verið eyðilagður. Munar þar mestu um uppfyllingar í Elliðavogi og Gufunesvík. Bakkatjörn var eitt sinn leira, en annars hafa fjörur Seltjarnarness að mestu sloppið við framakvæmdir. Þó má



**20. mynd.** Leirur í Bakkavík, í krikanum milli Suðurness og Bakkagranda, á fjöru 2. ágúst 2015.



21. mynd. Fjörumór í Bakkavík 21. apríl 2008.


nefna sjóvarnargarða ofarlega í fjörinni, smábátahöfn sunnanmegin á Nesinu og borplan á Snoppu, sem var aldrei notað. **Það er því afar mikilvægt að varðveita Leirur óbreyttar og leggja á hilluna allar hugmyndir um uppfyllingar í Suðurnesi. Fjörumórinn er merkilegt jarðfræðifyribæri og ásamt fugla- og smádýralífi gera Leirur ótvírætt að svæði sem ber að vernda**, enda er Bakkavík á öllum mögulegum skráum yfir æskileg verndarsvæði.



22. mynd. Suðurnes úr suðaustri á stórstraumsfjöru 19. ágúst 2008.



**23. mynd.** Búðatjörn og Búðagrandi 23. júní 2003. Talsvert krúvarp var þar þetta árið.



**24. mynd.** Morgunstemming við Búðatjörn 27. júní 2011.

#### **4. Suðurnes – að Dal undanskildum**

##### *Lýsing*

Svæðið er Suðurnes allt ásamt fjörum, nema óraskað land í Dal, stærð um 33 ha (22. mynd). Stærstur hluti lands innan malarkambarsins hefur verið gert að

golfvelli, en eina tjörn má finna þar, Búðatjörn. Búðatjörn er ísölt, sporöskjulaga tjörn syðst á Suðurnesi (23. og 24. mynd). Mesta lengd hennar við fulla vatnsstöðu er um 110 m og mesta breidd um 55 m. Áætlað hámarksdýpi miðað við fulla vatnsstöðu er um 60 cm. Botngerð Búðatjarnar einkennist annars vegar af mjög gljúpri leðju og hins vegar af strandsvæði sem er allfast í sér. Vatnsstaða tjarnarinnar, og þar af leiðandi flatarmál og dýpi, er nokkuð sveiflukennt og háð úrkomu, en vera má að sjávarföll hafi einnig áhrif (Haraldur R. Ingvason o.fl. 2012).

Allmiklar þangfjörur einkenna Suðurnes og eru þær sérstaklega áberandi á Suðurnestanga suður úr Suðurnesi og Seltjarnarrifi norðan megin á nesinu. Innan fjörunnar er malarkambur með sjóvarnargarði. Innan hans er göngustígur og svo tekur golfvöllurinn við. Nær allt land í Suðurnesi hefur verið tekið undir golfvöll, fyrir utan hluta Dals, Búðagranda, rönd meðfram malarkambinum á vestanverðu nesinu og fáeina bletti sunnan við miðbik þess.

### *Fuglalíf*

Sem varpland er mikilvægi þessa svæðis mest fyrir kríuna, árið 2015 voru 40% allra kríuhreiðra á Seltjarnarnesi í Suðurnesi utan Dals og 2005 36%. Auk þess er svæðið mikilvægt fyrir tjald. Stöku æðarkollur, sandlóur, stelkar og eitthvað fleira, verpa innanum kríuna. Kríur sækjast eftir að sitja á snöggslegnum flötum golfvallarins og margæsir sækja stíft í beit þar á vorin, 300 gæsir hafa verið taldar þar í maí (5. mynd).

Talsvert líf er í fjörum Suðurness. Æðarfugl er líklega algengasti fuglinn þar árið um kring. Kollur sækja þangað mikið með unga sína yfir sumarið. Hávella, toppönd og dílaskarfur eru tíð á sjónum. Máfar: silfurmáfur, sílamáfur, bjartmáfur, hvítmáfur og svartbakur sækja sér æti í fjöruna. Sömuleiðis vaðfuglar, sem leita sér ætis í þangfjörum: sendlingur og tildra eru þar fremst í flokki, en tjaldur og stelkur sjást einnig. Loks má nefna hrafn, stara og fleiri spörfuglar.

### *Framtíð og hættur*

Hér má endurtaka það sem sagt var um Leirur, þar sem varað er við uppfyllingum. Sýnt hefur verið framá, að fuglar sækja í mun meira mæli í óraskaðar, náttúrulegar fjörur en fjörur sem hefur verið raskað með uppfyllingum (Haraldur R. Ingvason o.fl. 2016). Allvel hefur tekist til við gerð sjóvarnargarða og eru þeir rofnir á nokkrum stöðum til þess að fuglar komist úr eða í fjöruna. Merktu setlög á Seltjarnarnesi, þar sem m.a. er mikið af steingerðum skeljum og skeljabrotum, eru Svörtubakkar austanmegin í Suðurnesi. Þessum náttúruminum var sökkt undir jarðveg vegna stækkunar golfvallarins kringum 1990. Endurheimt er þó vel möguleg og mjög æskileg. Annað er uppi á teningnum vegna útþenslu við Kónsstein árið 2011. Þar var fornminjum spillt og öflugur kríuvarpi sömuleiðis, sem verða ekki endurheimt.

Fjaran er á öllum mögulegum skráum yfir svæði sem ber að vernda (sjá kaflann um verndarviðmið). **Nauðsynlegt er að deiliskipuleggja Suðurnes í smáatriðum, svo komið verði í veg fyrir frekari núning í framtíðinni.**





25. mynd. Dalur í Suðurnesi 19. ágúst 2008. Lítið vatn er í tjörninni.



26. mynd. Krítalning í Dal 20. júní 2013.

## 5. Dalur í Suðurnesi

### Lýsing

Óræktarland og tjörn í dæld í norðanverðu Suðurnesi (25. mynd). Svæðið er lítið, aðeins 3,5 ha. Golfvöllurinn umkringir svæðið, hann liggur nærri tjörninni að norðan og austan, en óræktarmói er vestan og suðvestan þríhyrningslaga tjarnarinnar. Daltjörn eða Dældir er tæpur hektari að stærð og vatnsdýpi að hámarki um 60 cm. Flatarmál og dýpi tjarnarinnar er mjög sveiflukennt og háð úrkomu, sérstaklega að sumarlagi, þar sem vatnasvið tjarnarinnar er mjög lítið (á

að giska 2–3 hektarar). Undanfarin ár hefur vatni verið dælt í tjörnina og er það mjög til bóta. Tjörnin í Dal er ferskvatnstjörn, þrátt fyrir nálægð við sjó. Áður fyrr voru hjallar í Dal og um tíma var æfingasvæði lögreglunnar þar vesturaf. Nú hefur þessi starfsemi vikið fyrir stækkun golfvallarins.

Lífríki Tjarnarinnar er fábreytt af dýrategundum, en einstaklingsfjöldi er gríðarlega hár, sérstaklega hjá krabbaflóategundunum kúlufló og halafló. Kúlufló er mjög smávaxin en halaflóin er stórvaxnari og virðist vera étin af æðarungum (39. mynd). Af vatnagróðri er lófótur langmest áberandi (Haraldur R. Ingvason o.fl. 2011).

### *Fuglalíf*

Dalur er langmikilvægasta fuglasvæði á Seltjarnarnesi, miðað við stærð. Óræktarmóarnir vestan og sunnan tjarnarinnar eru mikilvægasta varpsvæðið þar. Kríuvarpið er eitt hið öflugasta á Nesinu, þar verpa allt að 700 kríur og er svæðið því afar eftirsótt af öðrum fuglum, lofthernaður kríunnar sér til þess að halda óboðnum gestum, fleygum sem ófleygum, frá svæðinu (26. mynd). Þeir fuglar sem koma uppí hugann og hafa orpið í Dal má nefna grágæs, gargönd, stökkönd, skeiðönd, skúfönd, hávellu, æðarfugl, tjald, lóupræl, hrossagauk, jaðrakan, stelk, þórshana, óðinshana, hettumáf, þúfutittling og maríuerlu. Flestir þessara fugla ala unga sína í móanum eða á og við tjörnina. Gargönd og sérstaklega skeiðönd, eru sjaldgæfir varpfuglar, skeiðöndin er sjaldgæfasta öndin sem verpur reglulega hérlendis. Sömuleiðis er þórshani sjaldgæfur, en hann hefur ekki orpið lengi í Dal.

Dalur er auk þess mikilvægur viðkomustaður margra fugla. Nægir að nefna margæs, rauðhöfðaönd, urtönd, sandlóu, heiðlóu og lóupræl. Margar tegundir flækingsfugla hafa sést þar, t.d. murtönd, grálóa, mærutíta, rákatíta og hrísastelkur.

### *Framtíð og hættur*

**Verndargildi Dals er mjög hátt, fuglalíf og annað lífríki mikið á svo litlu svæði og er afar brýnt að ganga formlega frá friðlýsingu og deiliskipulagi til verndar því sem eftir er af öröskuðu landi.** Hart hefur verið sótt að svæðinu með útpenslu golfvallarins. Nú virðist henni hafa verið hætt, allavega í bili og settu golfvellingar af stað **dælingu ferskvatns í tjörnina, sem er mjög til bóta fyrir lífríkið.** Bæjarfélagið ber kostnað af dælingunni. Reyndar kom fram hugmynd um að stækka bílastæðið í norður í febrúar 2013. Sú hugmynd var kæfð í fæðingu. Golfklúbbur Ness hefur háleit markmið í umhverfismálum: „Golfklúbbur Ness - Nesklúbburinn mun vinna að verndun dýralífs og flóru á vellinum og nánasta umhverfi hans.

Frá stofnun Golfklúbbs Ness-Nesklúbbsins 1964 hefur það verið stefna klúbbsins að starfa í sátt við fuglalíf á vellinum og kringum hann. Varpfuglar hafa alltaf notið verndar með sérstökum reglum um golfleik á vellinum. Frá árinu 2010 hefur Golfklúbbur Ness - Nesklúbburinn sett sér heildstæð markmið í umhverfismálum“. Umhverfismarkmiðin má lesa í heild sinni á vef klúbbsins (Nesklúbburinn 2010).

Kríuungar vilja helst hafa snögglendi og jafnvel gróðurlaust land undir fæti, meðan þeir eru að alast upp. Þeir eru stuttfattir og kunna síður við



**27. mynd.** Seltjörn úr lofti 19. ágúst 2008. Gróttta t.h., Suðurnes t.v. Suðurnesrif sést greinilega. Gulu og brúnu flekkirnir næst okkur í tjörninni, eru setlögin undir Bökkum. Fjær sést fjörumórin á Kotagranda. Myndin er tekin nærri stórstraumsfjöru.



**28. mynd.** Fjörumór í Seltjörn 21. apríl 2008. Æðarpar á sundi hægra megin. Hraukar eftir sandmaðk sjást í fjörunni hægra megin. Gróttta, Gróttugrandi, Akrafjall og Skarðsheiði fjær.

hávaxinn gróður, þó þeir hafi klakist úr hreiðri í þannig landi. Þeir sækja því mjög á malbikið á bílastæðinu. Fyrir nokkrum árum lagði garðyrkjustjóri Seltjarnarness út mól á bletti austan við bílastæðið. Það féll kríunum vel í geð. Síðan óx gróður aftur á þessum bletti og hann hvarf. **Það er þörf á því að halda honum við og setja út mól þarna reglulega.**

## 6. Seltjörn

### *Lýsing*

Seltjörn er vík vestast á Seltjarnarnesi. Hún var tjörn meðan sjávarstaða var lægri, en sjór braut endanlega niður kambinn sem lokaði tjörninni í Básendaflóðinu 9. janúar 1799. Hún afmarkast af Suðurnesi að sunnan, Gróttu að norðan, Bökkum og Kotagranda að austan og Faxaflóa að vestan (27. mynd). Þetta er því strandsvæði og grunnsævi, um 47 ha að stærð. Fjörugerðir eru einkum tvær, grýttar þangfjörur eru á Seltjarnarrifi í Suðurnesi og Suðurtanga í Gróttu. Á Kotagranda og undir Bökkum er sandfjara, þar má finna fjörumó sunnan megin og setlög norðanmegin (28. mynd). Það er ekki víst að allir átti sig á þeirri jarðfræðigersemi sem þetta svæði er. Seltjörn er nefnilega einn af áhugaverðari stöðum Innnesja til að rannsaka og átta sig á hinum miklu sjávarstöðubreytingum, sem orðið hafa við strendur Íslands síðustu árþúsundin.

### *Fuglalíf*

Fjörufuglar og sjófuglar einkenna Seltjörnina. Æðarfuglar sækja í fjöru og grunnsævi með unga sína og er æðurin sennilega algengasti fuglinn á Seltjörn. Vaðfuglar nýta fjöruna og fuglar eins og margæs, stökkönd, hávella og toppönd nýta grunnsævið. Kríur úr nálægum vörpum sækja þangað eftir æti.

### *Framtíð og hættur*

Hugmyndir hafa verið uppi um uppfyllingu á Seltjarnarrifi og ylströnd við Seltjörn. Báðar þessar hugmyndir eru slæmar fyrir náttúruna, sérstaklega uppfyllingin, eins og rökstutt var hér á undan í umfjöllun um Leirur og Suðurnes. **Seltjörn er öll á öllum mögulegum skráum yfir svæði sem ber að vernda.**



**29. mynd.** Gróttu úr lofti á stórstraumsfjöru 19. ágúst 2008. Þangklappirnar, Gróttutangar sjást vel á myndinni, svo og leira og sandfjara sunnan Gróttugranda.



**30. mynd.** Handhlaðinn sjóvarnargarður norðanmegin í Gróttu. Esja og Akrafjall fjær, 16. júní 2005.



**31. mynd.** Össurarbót við Gróttu á stórstraumsfjöru 18. maí 2015. Gamla bryggjan og sjóbúðin endurgerð. Leira og sandfjara sem laða að fugla er áberandi.



**32. mynd.** Krúger í Gróttu 23. júní 2003. Vitavarðahúsið og Esja fjær.

## 7. Gróttu

### Lýsing

Gróttu er örfirisey, sem er landföst um granda á fjöru (29. mynd). Viti var reistur í Gróttu árið 1897, en núverandi viti er frá árinu 1947. Af og til hefur verið búið í Gróttu, en ekki síðan Albert Þorvarðarson vitavörður drukknaði nærri eyinni í júní 1970. Í tíð foreldra hans, sem einnig voru vitaverðir, var túnið í Gróttu stækkað til muna. En sjór braut land og brotnaði úr sjógarði þar veturinn 1926 – 27, en hann var hlaðinn upp af myndarskap. Síðar var svo ekið stórgrýti á grandann milli Snoppu og Gróttu til að verja hann frekara niðurbroti. Albert sá síðan um að halda garðinum við, hann nær nú yfir norðurhluta eyjarinnar og góðan hluta austurhlutans, en er farinn að láta á sjá vestast. Garðurinn er mikil völundarsmíð (30. mynd). Nokkuð hefur mætt á Gróttu í stórviðrum og er Básendaflóðið 9. jan. 1799 nefnt sem dæmi um veður sem braut af eyinni. Nú er fræðasetur í gömlu vitavarðarhúsunum í umsjá sveitarfélagsins, en Rótaryklúbburinn sér um sjóbúðina.

Miklar þangklappir koma í ljós allt í kringum Gróttu á fjöru. Norðan Gróttugranda eru ennfremur slíkar klappir, en sunnan hans er fjölbreytt fjara þar sem má finna jökulrákaðar klappir, leirubletti, setlög o.fl. (31. mynd). Á fjöru er svæðið um 16 ha, en friðlandið er 40 ha.

### Fuglalíf

Fjölbreytt fuglalíf er í Gróttu yfir sumartímann. Þar er oftast veglegt kríuvarp (32. mynd), en það sveiflast nokkuð, bæði í raun og sem hlutfall af varpinu á Seltjarnarnesi (13. – 15. mynd). Æðarvarp hefur aldrei verið mikið í Gróttu, mest um 50 hreiður á tímum Alberts vitavarðar og síðan Guðjóns Jónatanssonar, vörslumanns Gróttu. Guðjón féll frá árið 2000, eftir hans daga hefur enginn sinnt æðarvarpinu sérstaklega og því hnignað. Aðrir varpfuglar, misalgengir, eru grágæs, toppönd, tjaldur, sandlóa, heiðlóa, hrossagaukur, stelkur, hettumáfur, þúfutittlingur, maríuerla, músarrindill, steindepill, skógarþröstur og stari.

Fjörur kringum Gróttu, bæði þangfjörur á Gróttutöngum og sandfjörur og leirur á Gróttugranda, eru eftirsóttar af fuglum. Vaðfuglar og æðarfuglar sækja á grandann eftir æti og tangarnir eru vinsælir setstaðir, t.d. hjá dílaskörfum, máfum og kríum. Það á við allt árið.

### Framtíð og hættur

Gróttu var friðlýst vegna fuglalífs 1974 og er umferð fólks bönnuð þar frá 1. maí til 15. júlí. Því má telja framtíð Gróttu og fuglalífsins tryggða. En er það svo? Stöðugur straumur af fólki er í eyna á varptíma, þrátt fyrir að fjöldi skilta bendi fólki á, að eyjan sé þá lokuð umferð. Kvikmyndatökur hafa verið leyfðar á friðunartíma og ýmiss konar ágangur annar hefur verið í varplandinu. Hugmyndir hafa komið fram um að opna eyna á varptímanum og leggja fræðslustíg umhverfis hana. **Það er nauðsynlegt að virða friðunina og jafnvel lengja hana fram til 1. ágúst, vegna ástands kríuvarpsins á síðustu árum og einnig vegna þess hve seint kríuungar hafa orðið fleygir. Allar breytingar og aðgerðir í Gróttu þarf að íhuga vandlega og eiga náttúran og fuglarnir að njóta alls vafa.**

Aukinn straumur ferðamanna hefur einna mest sótt á Snoppu og í Gróttu. Það er nauðsynlegt að skipuleggja aðgengi ferðamanna að náttúruperlum eins og Gróttu. Lengi hefur verið kallað eftir gæslu, sérstaklega á lokunartíma og hefur

þörfin síst minnkað með öllum ferðamönnunum sem hefur stórfjölgað á allra síðustu árum. Landvörður gæti þá jafnframt sinnt fræðslu.



**33. mynd.** Snoppa 19. ágúst 2008. Jarðvegstíppurinn er enn ekki kominn.

## **8. Snoppa**

### *Lýsing*

Nyrsti hluti Seltjarnarness, utan Gróttu, kallast Snoppa. Þetta er að mestu gamalt ræktarland, tún og kálgarðar. Fjaran (að norðanverðu) er þangklapparfjara, framhald af fjörunni í Gróttu (33. mynd). Stærð svæðisins er um 13 ha.

Jarðvegstípp eða jarðefnageymslu hefur nú verið komið fyrir um miðja Snoppu, þar sem heita Lautir og áður voru kálgarðar. Vestarlega á Snoppu heitir Dalur og þar var eitt sinn tjörn. Gamlir hlaðnir garðar og fiskhjallar setja svip sinn á Snoppu.

### *Fuglalíf*

Kríuvarp hefur löngum verið á Snoppu, en hefur færst aðeins til. Árið 1986 var varpið sunnan til við veginn í gegnum Snoppu, í garðlöndunum. Á þessari öld hefur varpið verið að færast norðar, á gamalt tún (Vesturtún), sem er á milli fyrrnefnds vegar og aðalvegarins útá Snoppu. Þegar farið var að aka jarðvegi í garðlöndin flutti krían alfarið á túnið, þó svo að ein eða tvær kríur hafi reynt að verpa ofaná haugnum. Árið 2015 var varpið eitt hið öflugasta á Seltjarnarnesi (13., 14. og 15. mynd). Aðrir varpfuglar eru hefðbundnir mófuglar, þeir sömu og verpa kringum Nestún, en svæðið er aðliggjandi og mörk óljós. Fuglinn í fjörunni er hinn sami og í þanghrönnum við Gróttu, æðarfuglar eru áberandi, máfar og vaðfuglar sjást einnig. Undan Snoppu má tíðum sjá ýmsar tegundir sjófugla: hávellu, fýl, súlu, skarfa, máfa og lunda.

### *Framtíð og hættur*

Snoppa liggur vel við höggi fyrir ýmsar framkvæmdir, en aðalskipulag gerir þó ekki ráð fyrir neinum viðbótum, svæðið er mest allt afmarkað sem opið svæði.



Jarðvegstíppnum er ætlað lengra líf en til stóð og starfsemi áhaldahúss fær aðliggjandi land samkvæmt skipulagi. **Helsta ógnin núna stafar af mikilli aukningu ferðamanna.** Það þarf að taka á henni, t.d. með aukinni stýringu, leiðsögn, landvörslu og jafnvel með því að færa bílastæðið. Hóphjólreiðar, sem einkennast af hraða, eiga ekki við á Snoppu, né annars staðar á Framnesinu.



**34. mynd.** Friðlýsta svæðið á Valhúsaahæð, fremst er gamall landamerkjasteinn með áletrun.

### Aðrir óbyggðir hlutar

Norðurhluti **Valhúsaahæðar** er friðlýstur, sá hluti er lítt raskaður, en mikið er um minjar (34. mynd). Einnig eru nokkrir blettir sunnan megin á hæðinni tiltölulega heillegir. Lítið fuglavarp er á Valhúsaahæð, fáeinir mófuglar verpa þar (sandlóa, heiðlóa, hrossagaukur og þúfutittlingur). Deiliskipulag gerir ráð fyrir hverfisvernd á Valhúsaahæð með tenginum við strandsvæði, bæði norðan og sunnanmegin á Nesinu.

Þangfjörur einkenna **fjörur** utan Framnessins, þar sem byggð eða grasflatir ná víðast hvar niður undir malarkambinn. Sums staðar má þó finna malarfjörubletti inná milli. Fjörurnar sunnan megin (við Skerjafjörð, 35. mynd) eru meira aflíðandi, þær eru brattari að norðanverðu (við Kollafjörð, 36. mynd). Fuglalíf er nokkuð í og við fjöruna, svipað og í fjörum Suðurness, Gróttu og Snoppu. Talsvert af öndum heldur til á veturna við ræsi, sem opnast við Tjarnarstíg, skammt frá bæjarmörkunum við Reykjavík, sunnan megin á Nesinu.

Smábátahöfnin tekur talsvert pláss, miðað við hversu lítið hún er notuð. Syðri hafnargarðurinn hefur verið notað sem jarðvegstíppur og kann það að orka tvímælis, ekki hefur verið skoðað hvaða áhrif losun jarðvegs hefur á botn og botndýralíf.



**35. mynd.** Suðurströndin 19. ágúst 2008. Steinavör neðst til vinstri.



**36. mynd.** Norðurströndin 19. ágúst 2008, Ráðagerði neðarlega á myndinni.

## Útivist og fuglar

### *Fuglaskoðun*

Þegar þetta er ritað (síðla árs 2016), er verið að ljúka við fuglaskoðunarhús við vestanverða Bakkatjörn. Undirritaður gerði úttekt á þörf og staðsetningu slíkra húsa árið 2007, en góðir hlutir gerast hægt eins og stundum er sagt (JÓH 2007). Fyrir utan núverandi staðsetningu skoðunarhúss, var stungið uppá tveimur öðrum stöðum við Bakkatjörn, einum á Snoppu og jafnframt að ljóskastarahúsið í Suðurnesi verði gert upp og gæti það nýst til sjófuglaskoðunar vestur af Suðurnesi. Viðgerð á því stendur nú yfir.

Vegurinn á Bakkagranda er oft þétt setinn bílum og fólki, sem er að skoða fugla á Bakkatjörn, sumir hafa meira að segja tileinkað sér breska háttu og leggja öfugt við akstursstefnu. Þarna er bíllinn nýttur sem skoðunarskýli, en gangandi fuglaskoðarar eru berskjaldaðri. Tjörnina í Dal er best að skoða frá bílastæðinu við golfskálann með fjarsjá (sterkum sjónauka, telescope). Ekki er óhætt að arka yfir golfvöllinn vegna hættu á því að fá kúlu í höfuðið eða yfir móann, þá stafar hættan af að trufla varpið og fá kríu í höfuðið.

### *Önnur fræðsla*

Í kaflanum um framtíð Bakkatjarnar, er hvatt til aukinnar fræðslu við tjörnina. Nýja skoðunarhúsið kallar á fræðslu. Öll útgáfa, hvort sem er á prenti eða vefnum, er til bóta. Seltjarnarnes stendur betur að vígi en mörg önnur sveitarfélög. Fuglalíf þar er vaktað reglulega og skýrslur settar á vefinn. Rit um náttúrufar á Seltjarnarnesi var gefið út 1997 og er nú stefnt að því að uppfæra það. Árið 2001 kom út kvikmyndin Lífríki í landi Seltjarnarness (á mynddiski 2007), sem höfundur skýrslunnar gerði í samvinnu við fyrirtæki Páls Steingrímssonar, Kvik. Árið 2009 kom út gagnvirkt margmiðlunarefni um náttúru og sögu Seltjarnarness: *Seltjarnarnes í máli og myndum*. Efnið er bæði á íslensku og ensku, höfundar voru undirritaður og Illugi Jökulsson, en ýmsir eiga ljósmyndir, kvikmyndir og kort. Gagrín ehf. framleiddi. Efnið var gefið út á vefnum (<http://www.seltjarnarnes.is/brunnur>) og það hefur líka verið aðgengilegt á snertiskjám í sveitarfélaginu. Allt þetta fræðsluefni var kostað af Seltjarnarnesbæ.

### *Hundar*

Umræður um hunda á Framnesinu hafa lengi verið í gangi. Hundar og varp fugla fer ekki saman. Hundar eru rándýr og gera fuglar oft ekki greinarmun á tófu og hundi. Sumir hundar eru veiðihundar og í eðli þeirra er að fæla upp fugla eða elta þá. Fjárhundar vilja stundum smala fuglum. Hundar í bandi geta einnig styggt fugla, þeir gera ekki greinarmun á lausum hundum og bundnum. Einnig hafa sumir hunda í löngum ólum og geta þeir gert jafn mikinn usla og lausir hundar (Jóhann Óli Hilmarsson 2011d).

### *Aukin ferðamennska*

Í umfjöllun um einstök svæði er fjallað um ferðamennsku þar, sérstaklega í Gróttu og á Snoppu. Þar er bent á nauðsyn bættrar skipulagningar og landvörslu, í kjölfar ferðamannasprengingarinnar, sem nú stendur yfir. Fyrir utan gæslu, er fræðsluhlutverk landvarðar síst ofmetið. Svífvængjaflug og seglbrettanotkun

hefur aukist við strendur Seltjarnarness á síðustu árum, en það virðist ekki vera til vandræða enn sem komið er (37. og 38. mynd).



37. mynd. Seltirningar stunda útivist 23. júní 2003.



38. mynd. Ungur fuglaskoðari við Bakkatjörn 10. okt. 2014.

## Stígagerð

Í gildandi aðal- og deiliskipulagi og áfram í nýjum tillögum, eru útivistarstígar settir inn á þemakort, en að vísu með varúðarorðum um að tekið sé tillit til náttúrufars. Engar úttektir né heildrænt mat er að baki þessum hugmyndum. Skoða þarf staðsetningu slíkra stíga útfrá náttúrufari og fuglalífi, þannig að þeir valdi sem minnstri truflun og raski og nýtist sem best þeim sem vilja njóta náttúrunnar.

## Lög um náttúruvernd

Samkvæmt nýjum lögum um náttúruvernd, nr. 60, 10. apríl 2013, sem tóku gildi 15. nóvember 2015, þarf að taka tillit til eftirfaranda greina vegna náttúruverndar á Seltjarnarnesi (Alþingi 2016):

**2. gr.** Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir.

Til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skal stefnt að því:

a. að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða,

b. að standa vörð um og efla vistkerfi landsins svo eðli þeirra, gerð og virkni sé tryggð til framtíðar ...

**3. gr.** Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni.

b. að vernda jarðmyndanir sem eru sérstakar eða einstakar á lands- eða heimsvísu [**fjörumór og setlög falla tvímælalaust undir þessa grein**].

**61. gr.** Sérstök vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja.

Eftirtalin vistkerfi njóta sérstakrar verndar í samræmi við markmið 2. gr., sbr. og c-lið 3. gr.:

a. votlendi, svo sem hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar, [20.000 m<sup>2</sup>] að flatarmáli eða stærri, stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m<sup>2</sup> að flatarmáli eða stærri, og **sjávarfitjar og leirur ...**

Samkvæmt framangreindum ákvæðum náttúruverndarlaganna njóta bæði setlög, fjörumór og leirur á Seltjarnarnesi verndar. Leirur í Bakkavík og Seltjörn, ásamt fjörumó í Bakkavík, setlög í Suðurnesi og fjörumór og setlög í Seltjörn, falla undir þessi verndarviðmið. Tjörnin í Dal í Suðurnesi nær 1000 m<sup>2</sup> þegar mikið vatn er í henni og fellur hún þá jafnframt undir sérstaka vernd vistgerða.

## Lokaorð

Markmið þessarar verndaráætlunar er að tryggja eðlilega afkomu fugla á Seltjarnarnesi, að fæðuskilyrðum þeirra verði ekki ógnað, varplöndum þeirra ekki spillt og að truflun af manna völdum sé haldið í lágmarki. Hún þarf að njóta formlegrar viðurkenningar í stjórnkerfinu og það verður að fylgja henni eftir í skipulagsvinnu, svo hún nái takmarki sínu.

Seltjarnarnesbær er aðili að Staðardagskrá 21, sérstakri heildaráætlun bæja- og sveitarfélaga um hvernig þau eigi að þróast með sjálfbærum hætti (Seltjarnarnes 2016). Ákvæði Staðardagskrár 21, sem lítur að verndun fugla, eru m.a. þessi:

- Aðalskipulag verði undirbúið með tilliti til landnýtingar og skipulags vegna náttúruverndar og útivistar til lengri tíma litið. Náttúruvernd verði virkur þáttur í gerð deiliskipulags fyrir einstök svæði og bæjarhluta.
- Sveitarfélagið leggi áherslu á fræðslu með það að markmiði að umhverfisvitund bæjarbúa aukist, að tengja saman fjölskyldulíf, útivist og umhverfisverkefni.
- Eftirlit verði með breytingum á fuglalífi og búsvæðum fugla.

Umhverfisstefna Seltjarnarness (Seltjarnarnes 2001) lítur í sömu átt og ákvæði Staðardagskrár.

Í drögum að aðalskipulagi 2015-2033 stendur þetta:

Markmið

- Stefna Seltjarnarnesbæjar er að vernda fjölbreytileika náttúrunnar og mikilvægar náttúruminjar í bæjarlandinu.
- Ekki skal gera ráð fyrir að friðuð svæði verði manngerð umfram það sem nú er nema til notkunar svæðanna til útivistar og náttúruskoðunar.
- Á þeim svæðum sem eru mikilvæg fyrir útivist og náttúruskoðun skal gera ráð fyrir merkingum og góðu aðgengi eftir því sem aðstæður leyfa.

Nauðsyn er á virku samstarfi við Umhverfisstofnun, byggðu á friðlýsingarskilmálum og verndaráætluninni. Stofnunin þarf að fylgjast með að friðlýsingarákvæðum sé fylgt og hún ætti jafnframt að vera rétti aðilinn til að fylgjast með að verndaráætluninni sé fylgt.

## Heimildir

- Agnar Ingólfsson 1977. *Rannsóknir í Skerjafirði II. Lífríki fjöru*. Líffræðistofnun Háskólans, fjölrít nr. 10, 94 bls.
- Agnar Ingólfsson & Arnþór Garðarsson 1955. *Fuglalíf á Seltjarnarnesi*. Náttúrufr. 25(1): 7-13.
- Agnar Ingólfsson & Arnþór Garðarsson 1957. *Fuglalíf á Seltjarnarnesi*. *Viðbótarathuganir*. Náttúrufr. 27(3): 126-133.
- Agnar Ingólfsson & María Björk Steinarsdóttir 1997. *Fjörulíf á Seltjarnarnesi*. Bls. 63-82 í: Kristbjörn Egilsson (ritstj.), Náttúrufar á Seltjarnarnesi. - Seltjarnarnesbær, 112 bls.
- Alþingi 2016. *Lög um náttúruvernd*.  
<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html> (sótt 14.12.2016).
- BirdLife International 2015a. *European Red List of Birds*. Luxembourg: Office for Official Publications of the European Communities, 77 pp.
- BirdLife International 2015b. *European Red List of Birds*.  
<http://datazone.birdlife.org/info/euroredlist> (sótt 19.10.2016).
- eBird. 2016. *eBird: An online database of bird distribution and abundance [web application]*. eBird, Cornell Lab of Ornithology, Ithaca, New York. Available: <http://www.ebird.org>. (sótt í nóv. 2016).
- Elín Ósk Hreiðarsdóttir & Rúnar Leifsson 2006. *Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi*. Fornleifastofnun Íslands, FS305-05221, Reykjavík, 171 bls. + kort.

- Guðmundur A. Guðmundsson & Kristinn Haukur Skarphéðinsson 2012. *Vöktun íslenskra fuglastofna: Forgangsroðun tegunda og tillögur að vöktun*. Náttúrufræðistofnun, NÍ-12010, 64 bls.
- Hilmar J. Malmquist, Haraldur Rafn Ingvason, Stefán Már Stefánsson & Finnur Ingimarsson 2009. *Grunnrannsóknir á lífríki Bakkatjarnar á Seltjarnarnesi*. Unnið fyrir Umhverfisnefnd Seltjarnarnesbæjar. Náttúrufræðistofa Kópavogs, fjölrit nr. 1-09, 30 bls.
- Haraldur R. Ingvason, Finnur Ingimarsson og Stefán Már Stefánsson 2011. *Frumrannsókn á lífríki Dalstjarnar á Seltjarnarnesi*. Unnið fyrir Umhverfisnefnd Seltjarnarnesbæjar. Náttúrufræðistofa Kópavogs, fjölrit nr. 2-11, 12 bls.
- Haraldur R. Ingvason, Finnur Ingimarsson og Stefán Már Stefánsson 2012. *Frumrannsókn á lífríki Búðatjarnar á Seltjarnarnesi*. Unnið fyrir Umhverfisnefnd Seltjarnarnesbæjar. Náttúrufræðistofa Kópavogs, fjölrit nr. 4-12, 14 bls.
- Haraldur R. Ingvason, Finnur Ingimarsson og Stefán Már Stefánsson 2016. Fjöldi og dreifing fugla í Fossvogi. Náttúrufr. 86 (1-2): 42-51.
- Jóhann Óli Hilmarsson 1996. Kríuvarp og annað fuglalíf í Gróttu sumarið 1996. Greinargerð unnin fyrir Umhverfisnefnd Seltjarnarness, 4 bls.
- Jóhann Óli Hilmarsson 1997. Fuglalíf í Gróttu sumarið 1997. Greinargerð unnin fyrir Umhverfisnefnd Seltjarnarness, 4 bls.
- Jóhann Óli Hilmarsson 1999. Álitsgerð vegna hugmynda um gerð nýs hólma í Bakkatjörn. Greinargerð til Umhverfisnefndar Seltjarnarness, 2 bls.
- Jóhann Óli Hilmarsson 2001. Varpfuglar á Seltjarnarnesi sumarið 2000. Skýrsla unnin fyrir Umhverfisnefnd Seltjarnarness, 6 bls. + kort.
- Jóhann Óli Hilmarsson 2002. Kríuvarpið á Seltjarnarnesi sumarið 2001. Skýrsla unnin fyrir Umhverfisnefnd Seltjarnarness, 4 bls.
- Jóhann Óli Hilmarsson 2003. Varpfuglar á Seltjarnarnesi sumarið 2003. Skýrsla unnin fyrir Umhverfisnefnd Seltjarnarness, 7 bls.
- Jóhann Óli Hilmarsson 2005. Varpfuglar á Seltjarnarnesi sumarið 2005. Skýrsla unnin fyrir Umhverfisnefnd Seltjarnarness, 12 bls.
- Jóhann Óli Hilmarsson 2007. Fuglaskoðunarskýli á Seltjarnarnesi – fáein áhersluatriði. Unnið fyrir Fræðslu- og menningarsvið Seltjarnarness, 4 bls.
- Jóhann Óli Hilmarsson 2008. Varpfuglar á Seltjarnarnesi sumarið 2007. Skýrsla unnin fyrir Umhverfisnefnd Seltjarnarness, 12 bls.
- Jóhann Óli Hilmarsson 2010. Varpfuglar á Seltjarnarnesi sumarið 2009. Skýrsla unnin fyrir Umhverfisnefnd Seltjarnarness, 11 bls.
- Jóhann Óli Hilmarsson 2011a. Fuglalíf við tjörnina í Dal í Suðurnesi. Minnisblað unnið fyrir Umhverfisnefnd Seltjarnarness, 2 bls.
- Jóhann Óli Hilmarsson 2011b. Minnisblað vegna fuglalífs við Kóngsstein í Suðurnesi, Seltjarnarnesi. Unnið fyrir Umhverfisnefnd Seltjarnarness, 1 bls.
- Jóhann Óli Hilmarsson 2011c. Varpfuglar á Seltjarnarnesi sumarið 2011. Skýrsla unnin fyrir Umhverfisnefnd Seltjarnarness, 11 bls.
- Jóhann Óli Hilmarsson 2011d. *Um hunda og fugla á Seltjarnarnesi* – Minnisblað unnið fyrir Umhverfisnefnd Seltjarnarness, 1 bls.
- Jóhann Óli Hilmarsson 2012a. Minnisblað vegna álfta á Bakkatjörn. Unnið fyrir Umhverfisnefnd Seltjarnarness, 2 bls.
- Jóhann Óli Hilmarsson 2012b. Stutt yfirlit yfir varp fugla á Seltjarnarnesi sumarið 2012. Punktur fyrir Umhverfisnefnd Seltjarnarness, 1 bls.

- Jóhann Óli Hilmarsson 2013. Minnisblað vegna hugmynda um stækkun bílastæðis í Suðurnesi. Unnið fyrir Umhverfisnefnd Seltjarnarness, 3 bls.
- Jóhann Óli Hilmarsson 2013. Varpfuglar á Seltjarnarnesi sumarið 2013. Skýrsla unnin fyrir Umhverfisnefnd Seltjarnarness, 20 bls.
- Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2014. Fuglalíf í Kópavogi 2013. Unnið fyrir Umhverfissvið Kópavogs, 21 bls.
- Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2015. Fuglalíf á Álftanesi. Fuglar í fjörum, á grunnsævi, tjörnum og túnum árið 2014. Skýrsla, unnin fyrir Umhverfisnefnd Garðabæjar, 72 bls.
- Jóhann Óli Hilmarsson & Ævar Petersen 1997. *Fuglar og spendýr á Seltjarnarnesi*. Bls. 43–61 og 97–110 í: Kristbjörn Egilsson (ritstj.), Náttúrufar á Seltjarnarnesi. - Seltjarnarnesbær, 112 bls.
- Kristbjörn Egilsson 1997. *Gróðurfar á Seltjarnarnesi*. Bls. 31-42 í: Kristbjörn Egilsson o.fl. Náttúrufar á Seltjarnarnesi. Seltjarnarnesbær. 112 bls.
- Kristbjörn Egilsson, Sveinn Jakobsson, Ævar Petersen, Jóhann Óli Hilmarsson, Agnar Ingólfsson og María Björk Steinarsdóttir 1997. *Náttúrufar á Seltjarnarnesi*. Seltjarnarnesbær. 112 bls.
- María Harðardóttir (ritstj.) 2003. *Náttúruverndaráætlun 2004–2008. Aðferðafræði. Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar*. Umhverfisstofnun, Reykjavík, 291 bls.
- María Harðardóttir, Ólafur Einarsson & Ævar Petersen 1998. *Dreifing æðarfugla úr varpi*. Bliki 19: 57–69.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 2000. Válisti 2. Fuglar. Náttúrufræðistofnun Íslands, Reykjavík, 103 bls.
- Náttúrufræðistofnun 2016. *Vetrarfuglatalningar*. <http://www.ni.is/greinar/vetrarfuglatalningar> (sótt 18.10.2016).
- Nesklúbburinn 2010. *Umhverfisstefna NK*. <http://www.nkgolf.is/umnk/umhverfisstefna> (sótt 16.11.2016).
- NOBANIS 2016. *The European Network on Invasive Alien Species*. <https://www.nobanis.org> (sótt 29.12.2016).
- Páll Steingrímsson, Friðbjófur Helgason & Jóhann Óli Hilmarsson 2001 (DVD 2007). *Lífríki í landi Seltjarnarness*. KVIK og Seltjarnarnesbær, kvikmynd, 20 mín.
- Ólafur Einarsson 2000. *IBAs in Iceland*. Í: M. F. Heath and M. I. Evans (ritstj.). *Important Bird Areas in Europe: Priority sites for conservation*. (Um Ísland í skrá um alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði í Evrópu). BirdLife International, Cambridge. Bls. 341–363.
- Sjá einnig: BirdLife International (2016) *Important Bird and Biodiversity Area factsheet: Skerjafjörður*. Sótt af <http://www.birdlife.org> þann 13.10.2016.
- Ólafur Einarsson, Hörður Kristinsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson & Jón Gunnar Ottósson 2002. *Verndun tegunda og svæða. Tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna Náttúruverndaráætlunar 2002*. Náttúrufræðistofnun, NÍ 020116, 118 bls. Einnig á vefnum: <http://www.birdlife.org/datazone/sitesearchresults.php?reg=7&cty=98&fam=0&gen=0>
- Seltjarnarnes 2001. *Umhverfisstefna Seltjarnarness*. <http://www.seltjarnarnes.is/thjonusta/umhverfi/umhverfismal/> (sótt 18.12.2016).



Seltjarnarnes 2008. *Seltjarnarnes í máli og myndum*.  
<http://www.seltjarnarnes.is/brunnur>  
Seltjarnarnes 2015. Staðardagskrá 21.  
[www.seltjarnarnes.is/thjonusta/umhverfi/stadardagskra/](http://www.seltjarnarnes.is/thjonusta/umhverfi/stadardagskra/) (sótt 5.12.2016).  
Sveinn Jakobsson 1997. *Jarðmyndanir á Seltjarnarnesi*. Bls. 13-30 í: Kristbjörn Egilsson o.fl. Náttúrufar á Seltjarnarnesi. Seltjarnarnesbær. 112 bls.  
Umhverfisráðuneyti án ártals. *Bernarsamningurinn*:  
<http://www.umhverfisraduneyti.is/althjodlegt-samstarf/samningar/nr/45>  
(sótt 18.10.2016).  
Umhverfisráðuneyti án ártals. *Ramsar-samningurinn um votlendi*.  
<https://www.umhverfisraduneyti.is/althjodlegt-samstarf/samningar/nr/157> (sótt 6. des. 2016).  
Umhverfisstofnun án ártals. *Friðlýsing Bakkatjarnar*.  
<https://www.ust.is/einstaklingar/nattura/fridlyst-svaedi/sudvesturland/bakkatjorn-seltjarnarnesi/> (sótt 12.11.2016).  
Umhverfisstofnun án ártals. *Friðlýsing Gróttu*.  
<https://www.ust.is/einstaklingar/nattura/fridlyst-svaedi/sudvesturland/grotta-seltjarnarnesi/> (sótt 12.11.2016).  
Umhverfisstofnun 2009. *Friðlýsing Skerjafjarðar í landi Garðabæjar*.  
<http://www.ust.is/einstaklingar/nattura/fridlyst-svaedi/sudvesturland/skerjafjordur/> (sótt 17.10.2016).  
Umhverfisstofnun 2016. *Náttúruminjaskrá*.  
<http://www.ust.is/einstaklingar/nattura/natturuminjaskra/sudvesturland/>  
(sótt 16.10.2016).

Skipulagsgögn fyrir Seltjarnarnes:

**Aðalskipulagsuppdráttur:**

[http://www.seltjarnarnes.is/media/skipulag/Samtykktur\\_uppdrottur.pdf](http://www.seltjarnarnes.is/media/skipulag/Samtykktur_uppdrottur.pdf)

**Tillaga að nýju aðalskipulagi:**

[http://www.seltjarnarnes.is/media/skipulag/A1005\\_004\\_tillaga\\_til\\_kynningar.pdf](http://www.seltjarnarnes.is/media/skipulag/A1005_004_tillaga_til_kynningar.pdf)

**Deiliskipulag fyrir Valhúsaheð og víðar:**

[http://www.seltjarnarnes.is/media/skipulag/DU1404\\_Greinargerð\\_2016-06-24.pdf](http://www.seltjarnarnes.is/media/skipulag/DU1404_Greinargerð_2016-06-24.pdf)

**Deiliskipulag fyrir Vestursvæði:**

<http://www.seltjarnarnes.is/media/skipulag/13092010023.pdf>

Séruppdráttir: <http://www.seltjarnarnes.is/media/skipulag/13092010024.pdf>



**39. mynd.** Æðarkollur með unga éta vatnaflær á tjörninni í Dal 15. júní 2011.  
Gróskulegur lófótur vex í tjörninni.

## Viðaukar

### 1. viðauki. Fuglar sem sést hafa á Seltjarnarnesi.

	Reglulegur varpfugl	Óreglulegur varpfugl/hefur orpið	Árvisst gestur	Sjaldgæfur gestur
1	Hnúðsvanur ( <i>Cygnus olor</i> )			1
2	Álft ( <i>Cygnus cygnus</i> )	1		
3	Heiðagæs ( <i>Anser brachyrhynchus</i> )			1
4	Blesgæs ( <i>Anser albifrons</i> )			1
5	Grágæs ( <i>Anser anser</i> )	1		
6	Snjógæs ( <i>Anser caerulescens</i> )			1
7	Kanadagæs ( <i>Branta canadensis</i> )			1
8	Helsingi ( <i>Branta leucopsis</i> )			1
9	Margæs ( <i>Branta bernicla</i> )		1	
10	Brandönd ( <i>Tadorna tadorna</i> )		1	
11	Rauðhöfðaönd ( <i>Anas penelope</i> )		1	
12	Ljóshöfðaönd ( <i>Anas americana</i> )		1	
13	Gargönd ( <i>Anas strepera</i> )	1		
14	Urtönd ( <i>Anas crecca</i> )		1	
15	Murtönd ( <i>Anas carolinensis</i> )		1	
16	Stökkönd ( <i>Anas platyrhynchos</i> )	1		
17	Grafönd ( <i>Anas acuta</i> )			1
18	Taumönd ( <i>Anas querquedula</i> )			1
19	Skeiðönd ( <i>Anas clypeata</i> )		1	
20	Skutulönd ( <i>Aythya ferina</i> )			1
21	Hringönd ( <i>Aythya collaris</i> )			1
22	Skúfönd ( <i>Aythya fuligula</i> )	1		
23	Duggönd ( <i>Aythya marila</i> )		1	
24	Kúfönd ( <i>Aythya affinis</i> )			1
25	Æðarfugl ( <i>Somateria mollissima</i> )	1		
26	Æðarkóngur ( <i>Somateria spectabilis</i> )			1
27	Straumönd ( <i>Histrionicus histrionicus</i> )			1
28	Hávella ( <i>Clangula hyemalis</i> )		1	
29	Hrafnsönd ( <i>Melanitta nigra</i> )			1
30	Krækönd ( <i>Melanitta perspicillata</i> )			1
31	Korpönd ( <i>Melanitta fusca</i> )			1
32	Kolönd ( <i>Melanitta deglandi</i> )			1
33	Húsönd ( <i>Bucephala islandica</i> )			1
34	Hvinönd ( <i>Bucephala clangula</i> )			1
35	Hvítönd ( <i>Mergellus albellus</i> )			1
36	Toppönd ( <i>Mergus serrator</i> )		1	
37	Gulönd ( <i>Mergus merganser</i> )			1
38	Rjúpa ( <i>Lagopus muta</i> )			1
39	Lómur ( <i>Gavia stellata</i> )		1	
40	Himbrimi ( <i>Gavia immer</i> )		1	
41	Flórigoði ( <i>Podiceps auritus</i> )			1
42	Sefgoði ( <i>Podiceps grisegena</i> )			1
43	Fýll ( <i>Fulmarus glacialis</i> )		1	
44	Skrofa ( <i>Puffinus puffinus</i> )			1
45	Stormsvala ( <i>Hydrobates pelagicus</i> )			1
46	Súla ( <i>Morus bassanus</i> )		1	
47	Dílaskarfur ( <i>Phalacrocorax carbo</i> )		1	
48	Toppskarfur ( <i>Phalacrocorax aristotelis</i> )		1	
49	Gráhegri ( <i>Ardea cinerea</i> )			1

50	Haförn ( <i>Haliaeetus albicilla</i> )			1
51	Bláheiðir ( <i>Circus cyaneus</i> )			1
52	Gjóður ( <i>Pandion haliaetus</i> )			1
53	Smyrill ( <i>Falco columbarius</i> )		1	
54	Fálki ( <i>Falco rusticolus</i> )		1	
55	Tjaldur ( <i>Haematopus ostralegus</i> )	1		
56	Sandlóa ( <i>Charadrius hiaticula</i> )	1		
57	Gulllóa ( <i>Pluvialis dominica</i> )			1
58	Heiðlóa ( <i>Pluvialis apricaria</i> )		1	1
59	Grálóa ( <i>Pluvialis squatarola</i> )			1
60	Vepja ( <i>Vanellus vanellus</i> )			1
61	Rauðbrystingur ( <i>Calidris canutus</i> )			1
62	Sanderla ( <i>Calidris alba</i> )			1
63	Fitjatíta ( <i>Calidris pusilla</i> )			1
64	Hólmatíta ( <i>Calidris mauri</i> )			1
65	Roðatíta ( <i>Calidris ruficollis</i> )			1
66	Veimiltíta ( <i>Calidris minuta</i> )			1
67	Bakkatíta ( <i>Calidris temminckii</i> )			1
68	Mærutíta ( <i>Calidris minutilla</i> )			1
69	Vaðlatíta ( <i>Calidris fuscicollis</i> )			1
70	Leirutíta ( <i>Calidris bairdii</i> )			1
71	Rákatíta ( <i>Calidris melanotos</i> )			1
72	Spóatíta ( <i>Calidris ferruginea</i> )			1
73	Sendlingur ( <i>Calidris maritima</i> )			1
74	Lóupræll ( <i>Calidris alpina</i> )		1	1
75	Efjutíta ( <i>Limicola falcinellus</i> )			1
76	Grastíta ( <i>Tryngites subruficollis</i> )			1
77	Rúkragi ( <i>Philomachus pugnax</i> )			1
78	Hrossagaukur ( <i>Gallinago gallinago</i> )	1		
79	Kanaduðra ( <i>Limnodromus scolopaceus</i> )			1
80	Jaðrakan ( <i>Limosa limosa</i> )		1	1
81	Lappajaðrakan ( <i>Limosa lapponica</i> )			1
82	Spói ( <i>Numenius phaeopus</i> )			1
83	Fjöruspói ( <i>Numenius arquata</i> )			1
84	Sótstelkur ( <i>Tringa erythropus</i> )			1
85	Hrísastelkur ( <i>Tringa flavipes</i> )			1
86	Stelkur ( <i>Tringa totanus</i> )	1		
87	Tildra ( <i>Arenaria interpres</i> )			1
88	Freyshani ( <i>Phalaropus tricolor</i> )			1
89	Óðinshani ( <i>Phalaropus lobatus</i> )		1	1
90	Þórshani ( <i>Phalaropus fulicarius</i> )		1	1
91	Ískjói ( <i>Stercorarius pomarinus</i> )			1
92	Kjói ( <i>Stercorarius parasiticus</i> )			1
93	Fjallkjói ( <i>Stercorarius longicaudus</i> )			1
94	Skúmur ( <i>Stercorarius skua</i> )			1
95	Hringmáfur ( <i>Larus delawarensis</i> )			1
96	Stormmáfur ( <i>Larus canus</i> )			1
97	Sílamáfur ( <i>Larus fuscus</i> )			1
98	Hvítmáfur ( <i>Larus hyperboreus</i> )			1
99	Bjartmáfur ( <i>Larus glaucooides</i> )			1
100	Silfurmáfur ( <i>Larus argentatus</i> )			1
101	Svartbakur ( <i>Larus marinus</i> )			1
102	Rósamáfur ( <i>Rhodostethia rosea</i> )			1
103	Dvergmáfur ( <i>Hydrocoloeus minutus</i> )			1
104	Trjáamáfur ( <i>Chroicocephalus philadelphia</i> )			1
105	Hettumáfur ( <i>Chroicocephalus ridibundus</i> )	1		
106	Rita ( <i>Rissa tridactyla</i> )			1
107	Þernumáfur ( <i>Xema sabini</i> )			1

108	Kolperna ( <i>Chlidonias niger</i> )			1
109	Paraperna ( <i>Sterna sandvicensis</i> )			1
110	Sílaþerna ( <i>Sterna hirundo</i> )			1
111	Kría ( <i>Sterna paradisaea</i> )	1		
112	Langvía ( <i>Uria aalge</i> )		1	
113	Stuttnefja ( <i>Uria lomvia</i> )			1
114	Álka ( <i>Alca torda</i> )		1	
115	Teista ( <i>Cepphus grylle</i> )		1	
116	Haftyrðill ( <i>Alle alle</i> )			1
117	Lundi ( <i>Fratercula arctica</i> )		1	
118	Húsdúfa ( <i>Columba livia domestica</i> )		?	
119	Snægla ( <i>Bubo scandiacus</i> )			1
120	Brandugla ( <i>Asio flammeus</i> )			1
121	Múrsvölungur ( <i>Apus apus</i> )			1
122	Landsvala ( <i>Hirundo rustica</i> )			1
123	Bæjasvala ( <i>Delichon urbicum</i> )			1
124	Þúfuttlingur ( <i>Anthus pratensis</i> )	1		
125	Maríuerla ( <i>Motacilla alba</i> )	1		
126	Sílkítoppa ( <i>Bombycilla garrulus</i> )			1
127	Músarrindill ( <i>Troglodytes troglodytes</i> )		?	1
128	Glóbrystingur ( <i>Erithacus rubecula</i> )			1
129	Steindepill ( <i>Oenanthe oenanthe</i> )		1	1
130	Svartþröstur ( <i>Turdus merula</i> )	1		
131	Gráþröstur ( <i>Turdus pilaris</i> )			1
132	Skógarþröstur ( <i>Turdus iliacus</i> )	1		
133	Laufsöngvari ( <i>Phylloscopus trochilus</i> )			1
134	Glókollur ( <i>Regulus regulus</i> )			1
135	Bláhráfn ( <i>Corvus frugilegus</i> )			1
136	Hráfn ( <i>Corvus corax</i> )		1	1
137	Stari ( <i>Sturnus vulgaris</i> )	1		
138	Græningi ( <i>Vireo olivaceus</i> )			1
139	Bókfinka ( <i>Fringilla coelebs</i> )			1
140	Auðnutittlingur ( <i>Carduelis flammea</i> )	1		
141	Krossnefur ( <i>Loxia curvirostra</i> )			1
142	Sportittlingur ( <i>Calcarius lapponicus</i> )			1
143	Snjótittlingur ( <i>Plectrophenax nivalis</i> )		1	1
		18	12	45
				79
Undirtegundir				
	Austræn margæs ( <i>Branta b. bernicla</i> )		1	
	Vestræn margæs ( <i>Branta b. nigricans</i> )			1
	Hvítfálki ( <i>Falco rusticolus candicans</i> )			1